Joh. 11, 25. 26. Eg eru Upprisañ og Lijfid, hver hañ trwir a mig, sa mun lifa thoott hañ deyi, og hver hañ lifir og trwir a mig, sa skal alldrei deya.

438. Hvernig hefur Christur frelsad ofs fraa Dioflinum og hañs Rijki?

So ad hañ hefur einga Magt yfir ofs, helldur

ur kuñum vier ad vetta honum Mootstodu, og þurfum ecki ad hrædast hañ þegar vier ottunst Gud.

Ebr. 2, 14. Uppa þad, ad hañ Magtina tæki fyrir Daudañ, fraa þeim sem Daudans Magt hafdi þad er Dioflinum, og endurleysti þa sem fyrir Ogn Daudans hlutu uñ alla Æfi i Prælkan ad vera.

439. Til hvers hefur Christur endurleyst þig?

Uppa þad eg skuli vera hañs eigiñligur, og so sem eigiñ Eign, lifi sijfelldt undir hañs Valldi, i hañs Rijki, og þioona honum.

440. Giefur þa þetta Christi Endurlausnar-Verk þier øllum eckert Leyfi ad þioona Syndiñi, Dioflinum og Verølldiñi, edur ad vera þeirra Eign?

Nei, þad er ad stela fraa Christo, mijnum rietta Herra, þvi sem hañ hefur so dijrt keypt, sier til Eignar.

Luc. 1, 74.75. Ad vier leystir af Hendi Ovina vorra, þioonudum honum aan Otta, alla vora Lijfdaga, i Heilagleika og Riettlæti, sem honum þocknast.

Rom. 6, 18. Fyrst þier erud frelsadir af Syndiñi, þa erud þier ordnir Riettlætisins Þioonustu-Meñ.

Tit. 2, 14. JEfus Christus hefur siaalfañ sig giefid ut fyrir oss, uppa þad hañ endurleysti oss i fraa øllu Oriettlæti, og hreinsadi sier siaalfum Foolk til Eignar, þad kostgiæfid væri til goodra Verka.

441. Er þad þa ad sia aa Heimsins Bornum, ad Christur hafi þau endurleyst?

Nei,

Nei, þvi þau hafa aa nij burt seldt sig Guds Ovinum, Syndiñi og Diofliuum.

442. Hefur Christur vor Endurlausnari alltijd verid i einu sama Standi?

Nei, hañs Stand er tveñslags, sem er: Nidurlægingar Stand, og Upphafningar Stand. Um bædi talar Paulus.

Philipp. 2, 6. 11. Hver þo ed hañ væri i Guds Mind, hiellt hañ þad þo ecki fyrir Rann, Gudi lijkur ad vera, helldur mijnkadi hañ sig sialfañ, og took aa sig Mind eins Pioons, vard lijkur ødrum Mønnum, og ad Hegdan fundiñ sem Madur, lijtilæckadi sig sialfañ, og vard hlijdugur allt til Dauda, jaa, allt til Krossins Dauda. Fyrir þvi hefur Gud upphafid hañ, og gaf honum Nafn, þad yfir ollum Nøfnum er, so ad i Nafni JEsu, skulu sig beigia oll Knie þeirra sem aa Himnum, og aa Jørdu, og undir Jørduñi eru, og allar Tungur skulu vidurkienna, þad JEsus Christus sie Drottiñ, til Dijrdar Guds Fodurs.

443. Hvad er Christi Nidurlægingar Staud?

Pad er þad Stand, i hveriu hañ eftir siñi Mañdoomligri Naattturu, lagdi af ad brwka fullkomliga og sijfelldt þa Guddoomligu Eiginligleika, sem Mañdoominum voru meddeildir, og took uppa sig Pioons Mind, so ad hañ med siñi Hlijdni kynni ad forlijka oss vid Gud.

444. Hvad er Christi Upphafningar Staud?

Pad er þad Stand, i hveriu Christur (þa hañs

hañs Pijna var endud) var eftir ſiñi Mañdoomligri Nætturu , upphafiñ , til ad brwka fullkomliga og ſufelldt , Guddoomliga Eiginligleika og Tignargiædi , til ad giora oſs Hluttakandi i þeirri Sæluhiælp ſem oſs var utvegud af honum.

445. Hvad merg Atrid ern i Christi diwpu Nidurlægingu?

Su Poſtuliga Frwarjætning upptelur Fiñ, ſem er: 1) Fætækliga Fæding, 2.) Pijnuna, 3.) Krosfeſtinguna , 4.) Daudañ, og 5.) Greftranina.

446. Pvi uppbyriadi Chriſtur ſitt Lijferni med þeirri fætækligu Fæding i Stallinum?

Ad hañ ſem fyrſt auvijſadi þad, ad hañ ſækti eigi eftir Rijkum og Metordum Veralldariñar , helldur villdi hañ alleinaſta , andga oſs med ſiñi Fætæk. 2. Cor. 8, 9.

447. Hvad var þad ſem Chriſtur leid?

Allir hñs Lijfs Hagir voru fræa Ungdoomi fullir med Fætækt, Foragt , Offooku , Ervidi , og Onædi ; Eñ ad ſijdurſtu var hañ ſærliga pijndur, undir þeim Romverſka Landshofdingia Pontio Pilato, ſem liet hañ hwdſtrijkia , hæda, þyrnikrijna , og illa med hañ hondla.

448. Leid Chriſtur alleinaſta Utvortis a Lijkamanum?

Nei , hañs allra ſtærſta Kvol var ſu Helvijtſka Sælar Angiſt vegna vorra Synda , hverra hin

hin Punga Byrdi utpressadi af honum Blood-Sveitañ, og kom honum til ad segia:
Hrigg er Sæla mijn allt til Dauda. Matth. 26, 38.

449. Hvar fyrir leid JEsus so mikil Harmkvæli?

Vegna vorra Synda, og oss til Sæluhiælpar.

Es. 53, 7. 8. Sañarliga þa bar hañ vort Kræmkdæmi, og vorum Pijnum hlood hañ uppá sig, fyrir vorra Misgiorda Sakir er hañ særdur, og fyrir vorra Synda Sakir er hañ lemstradur, Hegningiñ hun liggur á honum, uppá það vier hefdum Fridiñ, og fyrir hañs Beniar erum vier heilbrigdir ordnir.

450. Hvernig hagadi JEsus sier i siñi Pijnu?

Miog þoliñmoodliga, so sem eitt Lamb sem leidist til Slætrunar Becksins. Es. 53, 7.

451. Hvad er Christi Krossfesting?

Eitt miog Kvalafullt, forsmánarligt, og bölvad Dauda Straff, sem brwkad var vid allra stærstu Odæda Meñ.

Gal. 3, 13. Christus hefur leyst oss frá Bölvan Lögmálsins, þañ Tijd hañ vard Bölvan fyrir oss, (þviad skrifad er) bölvadur sie sá, hver sem á Trie hángir.

452. Er Christur sañarliga dáiñ á Krossinum?

Já.

Luc. 23, 46. JEsus kalladi hárri Rödd og sagdi: Fadir! I þijnar Hendur, Fel eg miñ Anda. Og er hañ hafdi þetta sagt, gaf hañ upp siñ Anda.

453. Hafdi soddañ Daudi JEsu Christi stoorañ Kraft til ad utvega oss vort Lijf og Saaluhiaalp?

Jaa, allra stærsta Kraft, þvi þar med var Daudiñ, so sem Syndariñar Verdlaun, betaladur af vorum Medalgaangara, og vier, fyrir hañ lausir giefnir.

Rom. 5, 10. Vier erum vid Gud forlijktir fyrir hañs Sonar Dauda, þa vier vorum eñ Ovinir.

454. Hvad var Christi Greftran?

Ecki var nockur Naudsyn aa heñi, med þvi hañ ætladi eigi ad vera daudur til Leingdar, helldur var hun eiñ Vitnisburdur umñ, ad hañ væri sañarliga daudur, so og eitt Huggunar-riikt Miñis-Teikn, ad vorar Syndir eru nidurgrafnar, vorar Grafir helgadar, og þeirra Vidbioodur fraa þeim tekiñ.

455. Hvernig aa Madur ad aalista Christi Lijf allt, og alla Piaaning i þessu Nidurlægingar Standi?

Ad nockru leiti, og sierdeilis, so sem eina Forlijkun fyrir oss, og ad nockru leiti, so sem Heilagleikans og Poliñmædiñar Eftirdæmi, i Lifnadinum og Pijnuñi.

1. Pet. 2 21. Christur hefur eiñig lidid fyrir oss, og oss eitt Eftirdæmi eftirlaatid, ad þier skylldud eftirfilgia hañs Footsporum. 1. Joh. 2, 6. Joh. 13, 15. Matth. 10, 38. Cap. 11, 29. Luc. 9, 23.

456. Hvad kom eftir Greftranina, so sem þad sijdarsta Atrid i Christi Nidurlægingar Standi?

Hañs

Hañs Upphafningar Stand, og til þess hlijda lijka Fiñ Atrid, sem er: 1.) Hañs Nidurstigning til Helvijtis, 2.) Uppriſañ, 3.) Himnaferiñ, 4.) Setañ til hægri Handar hiar Fodurnum, 5.) Afturkomañ ad dæma lifendur og dauda.

457. Hvad er Christi Nidurstigning til Helvijtis?

Hun er þad, ad hañ hefur ſkoñu fyrir ſijna Uppriſu komid til ſama-Stadar þeirra fordæmdu, hroſad Sigri yfir Satans Makt, og predikad fyrir Ondunum.

1. Pet. 3, 18, 19, 20, Christur er deyddur eftir Holldinu, eñ lifandi giordur eftir Andanum, i þeim ſama er hañ eiñig i burtgeingiñ, og hefur þeim Ondunum predikad, i Fiotrunum, hverier fordum Daga eigi trwdu.

458. Hvad er Christi Uppriſa?

Hun er, ad hañ a Pridia Deigi eftir ſiñ Dauda, hefur tekid aftur ſitt Lijf, forklærad ſiñ Lijkama, og i honum ſyndt ſig opinberliga.

Gb. Poſt. 2, 24. Gud hefur uppreiſt JEſum, ad uppleyſtum Daudans Kvolum, fyrir þvi ad þad var omoguligt, ad hañ ſkylldi af honum halldiñ verda.

459. Hvada Nytſemd hofum vier af Christi Uppriſu?

Allraſtærſtu Nytſemd.

1.) Til Stadfeſtu vorri Trw, ad fullkomiñ Betalingur, ſie utlagdur fyrir vorar Syndir, þar ed vor Medalgængari er ur Daudans Fæng elſi ſloppiñ.

Rom. 4, 25. Sa er fyrir vorar Syndir var ofurselldur, og fyrir vors Rettlætis Sakir uppvakttur.

2.) Til vorrar andligrar Uppriſu og hellags Framferdis i einum nijum Lifnadi; og ad ſijduſtu.

3.) Til þeſs, ad vorir Lijkamir, ſkulu Sæluhoolpnir upprijſa.

Rom. 6, 4. 5. Lijka ſem Chriſtur er uppvakiñ fra Daudum fyrir Dijrd Fødurſins, lijka ſo ſkulum vier gaanga i einu nyu Lijfelni; Þvi fyrſt vier erum med honum plantadir til Lijks Dauda, þa munum vier og Uppriſuñi lijkir verda.

460. Uñgieckſt Chriſtur ad Jafnadi hier a Jordiñi eftir ſijna Uppriſu?

Nei, þahañ i Fiorutiju Daga hafdi hier uñgeinaiſt med ſijnum Lærifveinum i adſkilianligum Opiñberunum, og talad fyrir þeim uñ þad ſem heyrdi til Guds Rijkis, veik hañ burt ur Veroldiñi ad ſyniligri Nalægd, og foor upp yfir alla ſkapada Himna til Guds Dijrdar Himins, og hañs Hatignar hægri Handar.

Poſt. G. B. 1, 9. Og er hañ ſagdi þetta, var hañ þeim aſiaendum uppnumiñ, og eitt Skij took hañ upp, i burt fyrir þeirra Augum. Ebr. 9, 24.

461 Hvert Gagn hafum vier af Chriſti Himnafor?

1.) Þa Huggun, ad JEſus er farin hiedañ ad tilbwa oſs Stad i ſijns Fodur himneſka Hwſi, og vill taka oſs þangad til ſijn.

Joh.

Joh. 14, 2. 3. J mijns Fødurs Hwsi eru margar Verur. Eg fer hiedañ ad tilbwa ydur Stad.

2.) Þa Amiñing ad vier skulum hafa eitt himneskt Siñislag, jæa Lyst til ad fara hiedañ fraa og vera med Christo.

Col. 3, 1. Erud þier nu upp aftur risnir med Christo, þa leitid þess hvad þar uppi er, þar ed Christur er sitiandi til Guds hægri Handar.

462. Hvad merkir Christi Seta til Fødursins hægri Handar?

Ad Christur eftir siñi Mañdoomligu Natturu med fullkomnu og ævarandi Herradæmi, Drottnar, og stioornar ollum Hlutum.

Eph. 1, 20. 21. Gud uppvakti Christum af Dauda, og setti hañ til siñar hægri Handar aa Himnum, yfir allañ Høfdingskap, Valldstiett, Magt, og Herradoom.

463. Hvert Gagn høfum vier af Setu Christi til Guds hægri Handar?

Þar af vitum vier oss til Huggunar, ad hañ i Hasæti sijns Guddooms stioornar siñi Kyrkiu, sefar sijna Ovini, bidur fyrir oss, sendir oss siñ heilaga Anda, og med þessu mooti vill hañ i sijnu Upphafningar Standi giora oss niootandi i þess sem hañ hefur utvegad oss i sijnu Nidurlægingar Standi, hvar i moot vor Skylda er ad heidra, tilbidia, og hlijda so hætt tignuduni Høfdingia.

Psal. 110, 1. Drottin sagdi minum Drottni, set þu þig til minar hægri Handar, þangad til eg legg þijna Ovini, til Skarar Foota þinna, Rom. 8. 34.

464. Er Christur þa eigi framar nœlægur hier á Jørduñi ?

Jw, med einum kroftugum, eñ þo osyniligum Hætti.

Matth. 28, 20. Siœid, eg er med ydur alla Daga, allt til Enda Veralldar.

465 Nær vill hañ i añad Siñ aftur koma syniliga til Veralldariñar ?

A þeim sijdarsta Deigi, hver alleina er Gudi kuñur.

Post. G. B. 1, 11. Þessi JEsus sem uppnumiñ er fra ydur til Himins, mun koma, lijka so sem þier sœud hañ til Himins uppfara.

Luc. 21, 27. Þa munu þeir sia Mañsins Son komandi i Skyunum med stoorum Krafti og Dijrd.

466. Hvernig mun þad tilgœnga a Dooms Deigi?

Allir Meñ, bœdi þeir sem þa lifa, og hinir sem œdur voru daudir, og þa aftur uppvaktir, skulu stadnœmast fyrir Christi Doomstool, og þeirra Hugreñingar, Ord og Verk dœmast eftir Guds Ordi, Diosiarnir skulu þa og dœmast.

Gb. Post. 17, 31. Hañ hefur Dag tilsett, œa hverium hañ vill dœma alla Jardarkrijngluna med Riettvijsi, fyrir eiñ Mañ, fyrir hvern hañ hefur þad og œalyktad.

1. Cor. 4, 5. Dœmid ecki fyrir Tijmañ, fyrr eñ Drottiñ kiemur, sa er auglijsa mun eiñig þad i Myrkrunum er huliþ, og opiñber giora Rœdiñ Hiartnaña, og mun þa hverium sem einum Lofsijr skie af Gudi.

2. Cor.

2. Cor. 5, 10. Vier hlivotum allir ad opiñberaſt fyrir Doomſtooli Chriſti, uppå ßad ad hver eiñ ßdliſt eftir ßvi hañ hefur adhafſt i Lijkamans Lijfi, ſie ßad Jllt eda Gott.

2. Theſſ. 1, 6. 7. 8. Pad er riett hiå Gudi, ad endurgiallda ßeim Hormung, ſem ydur Hormung veita, eñ ydur, bier ſem Hormung lijdid, Hviſild med oſs, ßå er Drottiñ JEſus mun opiñberaſt af Himni, medur Enghum ſijns Kraftar, og med Elldſins Loga, Hefnd ad giefa yfir ßa ſem ecki ßeckia Gud, og yfir ßa ſem ecki eru hlijdugir Evangelio vors Drottiñs JEſu Chriſti.

1. Cor. 6, 2. 3. Vitid ßier eigi, ßad Heilagir munu Heimiñ dæma? Vitid ßier eigi, ßad vier munum yfir Enghunum dæma?

Joh. 12, 48. Pad Ord ſem eg taladi, ßad mun dæma hañ å efſta Deigi.

467. Er ßad nu noog, ad ßu veitſt allt ßetta uñ Chriſtum, og helldur ßad fyrir ſatt?

Nei, ecki utañ ſå Heilagi Andi auglijſi Chriſtum i mijnu Hiarta fyrir eina lifandi Trw, og helgi mig ſo i Sañleikanum.

Ut af fridin Grein Trwarjatningarinnar.

468. Trwir ßu å ßå heilogu almeñuligu chriſtiligu Kyrkiu?

Nei, helldur trwi eg, ad ein heilog almeñlig chriſtilig Kyrkia ſie til.

469. Trwir ßu ßå å Heilagañ Anda?

Jå, å Heilagañ Anda trwi eg, eins og å

Fodurin og Soniñ, þvi hañ er med þeim ein Guddoomlig Vera.

470. Bevijsa þu mier, ad heilagur Andi sie ein Guddoomlig Persoona.

Pad bevijsast, ecki alleinasta af þeim Guddoomligu Eiginligleikum og Verkunum, sem honum tilleggiast oftliga i Ritninguñi; helldur og so, af þvi hañ verdur uthrickiliga nefndur Gud.

Gb. Post. 5, 3. 4. Anania, þvi uppfyllti Andskotiñ Hiarta þitt, so ad þu villdir liwga ad heilogum Anda? Eigi hefur þu logid ad Moñum, helldur ad Gudi.

1. Cor. 3, 16. Vitid þier eigi þad þier erud Guds Musteri, og þad Guds Andi byggir i ydur. 1. Joh. 5, 7.

471. Þvi kallast hañ eiñ Andi?

Vegna þess, ad hañ med einum Guddoomligum Hætti, so sem Guds Muñs Andi. (Ps. 33, 6.) framgeingur fra Eylijfd af Fodur og Syni.

Joh. 15, 26. Eñ þa sa Huggariñ kiemur, hvern eg mun senda ydur af Fodurnum, sem er Sañleiksins Andi, hver af Fodurnum framgeingur, hañ mun bera Vitni af mier.

472. Vegna hvers kallast hañ Heilagur Andi?

Eigi alleina þess vegna, ad hañ er sialfur i siñi Veru heilagur, helldur og so þar fyrir, ad hañ framkvæmir i Moñum Helgunar Verkiñ.

473. Hveriar eru þær helldstu Verkanir heilags Anda?

Ad kalla, upplijsa, helga, og vidhalda.

474.

474. Er nockur Þorf á ad þeckia þessar heilags Anda Verkanir i Sáluñi ?

Jú, þvi eftir þvi má hver eiñ proofa sig sialfañ, hvert hañ sie eiñ riettiligur Limur Guds Kyrkiu.

475. Hvad er þá Guds Kallan ?

Ad hañ med sijnu Ordi hrærir Mañana Hiortu, opinberar þeim sijna Nád, sierdeilis fyrir Evangelium, framűbijdur hana alvarliga, og giefur med þvi sama (Evangelio) Kraft til ad medtaka hana.

2. Tim. 1. 9. Gud hefur oss hiálplega giordt, og kallad med heilagri Kallan, ecki eftir vorum Verkum, helldur eftir sińi Fyrirhyggiu og Nád.

476. Hver eñur Hiálpar-Medal brwkar Gud til ad uppvecka og kalla Meñina til ad leita Sáluhiálpariñar ?

Hier til brwkar hañ Stundum Pláningar, Stundum Belgiorninga, Stundum añara Eftirdæmi, og sóddañ fleira sem Meñ kuña ad færa sier til Þjugunar.

477. Giegna og so allir Meñ þvilijkri Guds Kallan?

Nei, margir standa á mooti þeirri heilags Anda Nád sem undañ geingur, og undirbijr þá, og þess vegna nioota þeir eigi helldur ad Nádiñ bwi i þeim.

478. Gietur Madur mootstadid lijka Guds Kallan?

Jú.

Gb. Post. 7, 51. Þier standid jafnaũ i moti heilogum Anda.

Es 65, 2. Eg utrietti minar Hendur allan Dagiñ, til eins ohlijdugs Foolks.

479. Hver medtekur þa Guds Kallan?

Þeir sem medtaka Ordid med viliugu Hiarta, og færa Avøxt i Poliñmædi, þad er, þeir sem ydrast og trwa Evangelio, hvert ad er Kraftur Guds til Sælubiælpar, eñ eigi nema hiæ þeim sem trwa. Rom. 1, 16.

480. Þa Madur nu eigi mootstendur Evangelii Kallan, helldur giefur heñi Rwm hiæ sier, hvad verkar hun þa i Hiartanu?

Hun verkar Upplijsing, þad er, eina lifandi Þecking og ofluga Sañfæring uñ þañ Guddoomliga Sañleik, iñ i hvern Madurin fær þa first sied, og smackad haũ riettiliga. Joh. 7, 17.

481. Er þa eiñ ogudligur Madur ecki upplijstur, af þvi haũ er skijr og froodur i Rituinguñi?

Nei, haũ er eñ nu Mirkraña Barn, og þeckir eigi Liosaña Fodur.

1. Sam. 2. 12. Synir Eli voru illir Skælkar, þeir hyrdtu ecki uñ Drottiñ.

Jer. 2, 5. Þrestarnir hugsudu ecki, hver er Drottiñ? og þeir hinir Lærdu, skeittu ecki uñ mig, og Hirdararnir burtleiddu Foolkid fraa mier.

Joh. 8, 54. Hveru þier seigid odvaru Gud vera, og þeckid haũ þo eigi.

1. Joh.

1. Joh. 2, 3. 4. Par af vitum vier, bad vier þeckium hañ, ef ad vier vardveitum hañs Bodord; hver ed seigir: Eg þecki hañ, og helldur ecki hañs Bodord, sa er Liwgari, og i þvilijkum er eingiñ Sañleikur.

Eph. 5, 8. Pier vorud fordum Mirkur, eñ nu erud þier Liods i Drottni, gangid so sem Born Liossins.

482. Seig mier þañ eigiñliga Miſmun sem er a milli mañligs Lærdooms, og gudligrar Upplijſingar?

Sa mañligi Lærdoomur verdur lærdur med mañligri Skinsemi og Yoni af Guds Ordi, hvers Krafti verdur þa i mooti stadid. Eñ su gudliga Upplijſing verkast fyrir þad sama Ord, af heilogum Anda, sem þa nemur stadar og bijr i Saaluñi. Sa mañligi Lærdoomur er ecki nema i Heilanum, og ein toom Historiu Pecking: Su Gudliga Upplijſing iñtekur Hiartad, og er samañ vid hana ein lifandi Reynsla, (Madur kiemſt ad Raun uñ þad, ad soddañ allt er satt og Saaluhialpligt.) Fyrir þañ mañliga Lærdoom blijfur Maduriñ samt i siñi Vondsku: Eñ su gudliga Upplijſing byriar ad taka i burt Mootprooa Vilians.

483. Hvad skilſt fyrir þad Ord Helgan?

Pegar meint verdur med þvi fleira eñ eitt, iñibindur þad i sier þetta þrent, sem verdur hvert odru ad filgia: Endurfædingina, Riettlæting-ina, og Endurnijungina. Añars merkir þad oft

allcina

alleina dagliga Endurnijun.

484. Hvad er Endurfædingiñ edur su nija Fæding?

Pad sama er hun sem Meddeiling eiñar lifandi Trwar, edur Uppvakning af peim andliga Dauda, Umvendan og Flutningur fra Myrkrum til Liosins, fra Diofulsins Valldi til Guds.

Eph. 2, 4. Pa vier vorum daudir i Syndunum, hefur Gud giordt oss lifandi i Christo.

485. Seig mier eñ pa skijrligar hvad Endurfædingiñ er?

Hun er eigi (eins og Nicodemus meinti) ad Maduriñ skilldi hverfa aftur i siñar Moodur Lijf, pa hañ væri ordiñ gamall, og fædast so ad niju; Heldur er Endurfædingiñ eiñ andligur, og iñvortis Giorningur Guds, i Hiarta Mañsins, sem fædist ad niju, pegar par i skapast, (med peim Hætti sem vier gietum eigi skilid) eitt nijtt gudligt Edli (Art) og Hattalag; I Skilningnum nij Upplijsing; I Vilianum ein nij Eftirlæangan, Gyrnd og Kraftur, og so alldeilis nijtt Lijf i peim sem añars var andliga daudur, hvert ed Ritningiñ kallar nijtt Hiarta, og nijañ Anda, eina nija Mañeskiu, ellegar nija Skiepnu.

Ez. 36, 26. Eg vil giesa ydur eitt nijtt Hiarta, og eiñ nijañ Anda i ydur, og eg vil burt taka Stein-Hiartad af ydru Holldi, og giesa ydur eitt Kiotligt Hiarta.

Joh. 3, 6. Hvad af Holldinu er fædt, pad er Holld, og hvad af Andanum er fædt, pad er Andi.

486. Fyrir hver Medol verkaſt þeſsi Endurfæding?

Hiæa Ungbornunum ſkiedur hun fyrir Vatn og Anda i Skijrnar Sacramentinu, eñ hiæa þeim Fullordnu, ſem vegna Andvaraleyſis edur Illgyrnis Synda, eru fallnir fræa Skijrnar Nædiñi, og Endurfædingar Standinu, færſt hun aftur æa nij fyrir Guds Ord, ſem er þad oforrotnanliga Sædi. 1. Pet. 1, 23.

487. Er þa øllbungis naudſynligt til Sæluhiælpariñar ad vera endurfæddur?

Jæa, viſſuliæa.

Joh. 3, 3. Nema ſo ſie ad nockur verdi ad nijú fæ dur, hañ kañ eigi ad ſiæa Guds Rijki.

Gal. 6, 15. I Chriſto JEſu dugir hverki Umſkurn nie Yfirhød nockud, helldur nij Skiepna.

488. Hvar af fær Madur þeckt ad hañ ſie endurfæddur?

Þad þeckiſt af alvarligri Umbreiting hañs Hiarta, og af þeim nijju Gæfum Nædariñar, ſem giøra hañ ad eiñi þeckianligri nijrri, og añari Mañeſkiu.

489. Hvad er þad þa ſem Mañeſkiañ ødlaſt eigiñliga med Endurfædinguñi, þad ſem hun hafdi eigi æadur?

Hun ødlaſt þa ſoñu lifandi Trw, ſem umfadmar, og ad ſier tekur Chriſtum, og i honum Sonarliæañ Utvalningar Anda med Rietti til Guds Rijkis, ſamt Lyſt og Kraft ad giøra Vilia Guds.

Joh.

Joh. 1, 12. 13. So margir sem hañ medtocku, þau gaf hañ þeim Magt Guds Bornum ad verda, þeim er á hañs Nafn trwa, þeim sem ecki af Bloodinu nie af Holldsins Willd, nie Mañsins Vilia, helldur þeim sem af Gudi eru bornir.

490. Hvad er su sæla lifandi Trw sem giefiñ verdur med Endurfædinguñi?

Trwiñ er, þegar ein ydrandi Saal iñflijr, og leitar sier Lijknar, til Guds Nadar, i Christi Forbienustu, hveria hun tekur ad sier med Eftirlaangan, og tileinkar sier hana, og treystir med oruggu Trausti þar uppá.

491. Hvernig utmaalar Lutherus þa sæñu Trw?

Trwiñ er eitt lifandi, oruggt Huagunar Traust uñ Nad Guds, hun er eitt Guds Verk i oss, sem giorir oss uñskiptiliga, og fædir oss ad niju af Gudi, deydir þañ gamla Adam, giorir oss ad olldungis odrum Mañeskium, ad Hiartanu, Huganum, Siñislaginu, og ollum Kroftunum, og færir med sier heilagañ Anda. O! hversu lifandi, kroftugur, megtugur og kostgiæfiñ Hlutur, er Trwiñ.

Sia Formaala Pistilsins til Romverja.

492. Hvad margir Partar tilheyra þa eigiñliga þeirri sæñu Trw?

Prijr, sem eru:

(1. Lifandi Pecking uñ Gud og hañs Vilia, sem opiñberadur er i Ordinu.

Joh. 17, 3. Pad er eylijst Lijf, ad þeir þecki þig,

alleina eñ sañañ Gud, og pañ pu sendir JEsum Christum.

Rom. 10, 14 Hvernig skulu peir trwa a pañ, af hverium peir hafa eigi heyrt?

(2. Lifandi Samsiñing edur Sambycki og Sañfæring um Sañleik pess sem Madur veit af Guds Ordi.

Joh. 3, 33. Hver ed medtekur hañs Vitnisburd, sa iñsiglar pad, ad Gud sie sañur.

Ebr. 11, 1. Trwin er oruggt Traust peirra Hluta sem Madur vonar, og efar eigi um pad sem hañ sier ecki.

(3. Ein lifandi Tileinkan Guds Naadar i Christo, samt Traust og Huggunar Athvarf til perrar semu, hvert helldur hun audsynir sig i breñandi Laungun og Hwngri eftir Christo, elligar i stærri Fullvissu um Naad og Roosemd i honum.

Matth. 5, 6. Sælir eru peir sem hungra og pyrsta eftir Riettlætinu, pviad peir skulu saddir verda.

Rom. 8, 33. 34. Hver vill asaka Guds Utvallda? Gud er hier sem riettlætir. Hver er hañ sem fordæmir? Christur er hier sem daud hefur, ja, miklu helldur sa sem upp aftur er vakiñ, hver ed er til hægri Handar Gudi, og bidur fyrir oss.

493. Hvar fyrir kallast pessi Pecking, Samsiñing og Tileinkan, ein lifandi Trw?

Vegna pess, ad pessir Hlutir eru ecki alleina verkadir af Guds Ordi, sem er Lijf og Andi, helldur og eiñig laata peir sia siña lifandi og krafstuga i Hiartanu, eñ pad giorir ecki su dauda Trw.

494.

494. Hvad er daud Trw?

Su dauda Trw er raung Ætlan sem ydrunarlausir Syndarar smijda sier sialfum, ad peir muni fa Guds Naad, jafnvel pott peir vilie eigi uñvendast, og leita Nadariñar med pvi rietta Lagi., helldur eru allir hinir somu, par po Trwariñar Edli og Eiginligleiki er ad umbreita Mañeskiuñi.

Jer.2,26. Lijka sem Lijkamiñ er an Andans daudur, so er og eiñig Trwiñ an Verkaña daud.

495. Hafa pa peir Ydrunarlausu einga saña Trw?

Nei, alldeilis einga, pvi po peir kuñi allt Guds Ord, halldi pad fyrir satt, og huggi sig par vid, pa er po peirra Trw daud, og peirra Asigkomulag og Hattalag fordæmanligt, so leingi sem peirra Trw er ecki ad siña nema i Hellanum, (Lærdoominum) og hun kiemur ecki i Hiartad, eda deydir pañ gamla Adam, og endurfædir pa til ad verda ein nij Mañeskia.

496. Af hverju giet eg pa peckt hvert mijn Trw er lifandi edur daud?

Af kroftugri Verkan heñar i Hiartanu, sem er Kiærleikuriñ til Guds og Naungans, Hatur til Syndariñar, Sigur a Heiminum, rietti-lig Brwkun Naadar Medalaña, og fleira soddañ.

Jac. 2, 18. Syn pu mier Trw pijna ut af Verkum pijnum.

Luc.6,43. Eckert gott Trie ber swiñ Avoxt, og eckert swid Trie ber goodañ Avoxt.

Glornb.

Giorvb. Post. 15, 9. Gud hreinsadi þeirra Hiortu med Trwñi.

1. Joh. 5, 4. Allt hvad af Gudi er fædt, þad yfirviñur Heimiñ, og vor Trw er Yfirviñingiñ, hver Verolldina hefur yfircuñid.

497. Er þa su sæña Trw ætijd og hiar ollum eins sterk?

Nei, þvi þa Vantrwiñ strijdir ar hana, þa er hun ar stundum miog veik, sem ein skiælfandi og titrandi Hond, sem varla vogar ad taka til Nadar Guds, edur tileinka sier hana, eñ vill nar til heñar med hiartanligri Gyrnd og Eftirlængan.

Marc. 9, 23. Eg trwi, Herra! Hiælpa þu miñi Vantrw.

498. Lætur þa Gud sier lijka jafnvel veika Trw?

Jar, þa hun er sañ og Skijlaus, þo hun sie veik; Sem þa kañ best ad siæst ar þvi, ad Madur hafi alvarligt Haur ar Syndunum, og hañ læangi eftir frekari Trwar Styrking, jafnvel þo Diorfung Trwariñar sie ecki þa ad finna.

Matth. 5, 3, 6. Sælir eru þeir sem andliga eru voladir, þviad þeirra er Himnarijki, etc. 1. Joh. 3, 19.

499. Hvada Gagn hefur þa Madur af þeirri Trw sem hañ odlast med Endurfædinguñi?

Allra stærsta Gagn, þvi Trwiñ alleina er þad sem hondlar Christum, og giorir Syndaran riettlæartañ, þad er, Hluttakara i Jesu Christi Riettlæti.

Rom. 5, 1. Med þvi vier erum nu riettlæartir ordnir fyrir Trwna, þa hofum vier Frid vid Gud,

fyrir Drottiñ vorn JEſum Chriſtum.

500. Hvad er þa Riettlætingiñ?

Hun er hiñ allra nærſti Avoxtur Endurfæðingariñar, og er iñifaliñ i þvi, ad ſa þrijeini Gud, af einſkiærri Nad, ealyktar fyrir ſijnum Doomi, eiñ ſañyðrandi og trwadañ Syndara frijañ, bædi fraa ſijnum Syndum, og þeirra forþientu Straffi, og tilreiknar honum aftur aa moti Chriſti Riettlæti. Jaa, hañ ealijtur hañ i Chriſto eins og hañ hefdi alldrei ſyndgad.

2.Cor. 5,21. Hañ hefur þañ ſem af eingri Synd viſsi, fyrir oſs ad Synd giordt, uppaa þad, vier yrdum i honum þad Riettlæti, ſem fyrir Gudi gilldir.

Rom. 3,28. So höllðum vier nu, þad Madurin verði riettlaatur aan Løgmaalſins Verka, fyrir Trwna alleina.

Gal. 2,16. Med þvi vier vitum þad Madurin verdur ecki riettlaatur fyrir Løgmaalſins Verk, helldur fyrir Trwna aa Chriſtum JEſum. So trwum vier og eiñig aa Chriſtum JEſum, uppaa þad vier verdum riettlaatir fyrir Trwna aa Chriſtum, og ecki fyrir Verkiñ Løgmaalſins, þvi fyrir Verkiñ Løgmaalſins verdur eckert Holld riettferdugt. Sia Rom. 4, 28. Phil. 3, 8. 9. Eph. 2, 8. 10.

501. Er þa ſoddañ ein riettlætt Saal i einu hiaalpligu Aſigkomulagi og betra eñ aadur?

Jaa viſſuliga, þvi hun er þa kominñ i naanari Teingdir vid þañ Prijeina Gud, ſem bijr i Hiartanu, ſo ſem i ſijnu eigiñ Muſteri. Hun er þa i Chriſto audgud med andligri Bleſſan, þeim himneſku

neſku Giædum, med ometanligum Evangelii Fignargiædum, med Naadariñar og Sælubiælparlñar rijkugligum Audæfum og Fiarſioodum.

Pſal. 32, 1. 2. Sælir eru peir hverium Yfirtrodſlurnar eru fyrirgiefnar, peir, hverra Syndir ad eru huldar. Sæll er ſa Madur hverium Droottiñ tilreiknar ecki Syndina, i hvers Anda pad eingiñ Flærd er.

502. Hveriar eru pa ſlijkar Evangelii Naadargaafur?

Pær eru: Chriſti Niettlæti, Syndaña Fyrirgiefning, ſu ſonarliga Utvalning, Guds Fodurlig Umſorgun, Erfda-Nietturiñ, Fridur vid Gud, pad ſonarliga Trwnadar Trauſt, ſætur Smeckur Guds Elſku, Adgaangur til Guds Naadar, Diarfung til ad bidia hañ, Fullviſſa umñ Naad Guds, umñ Bænheyrſlu og Hiælp i allri Neyd, ſierdeilis umñ kroftuga Guds Verndan fyrir ollum Ovinum ſyniligum og oſyniligum, Forſmeckur peſs eylifa Lijfſins, Gledi i Heilogum Anda, Stioornan, Upplijſing, Tilladan, og Kraftur peſs ſama Anda, Freſi fraa Straffi og Iſirraadum Syndariñar, fraa Guds Reidi, fraa Logmaalſins Bolvan og Kwgan, fraa Satans, Helvijtis og Daudans Makt, fraa Verolldiñi og vondri Samvitſku, og (Viſſa umñ pad) ad allir Hlutir, jafnvel pær bitruſtu Pijſlir, ſkuli verda Trwndum ad goodu; Ein lifandi Von umñ Sælubiælpina, hvar ad

eftir filgir su eylijfa, outfeiglanliga Gledi, og Dijrd i Himninum.

Eph. 1, 3. Blessadur sie Gud og Fadir vors Drottins Jesu Christi, sem oss hefur blessad med allskattadri andligri Blessan i himneskum Giædum, fyrir Christum.

Eph. 3, 8. Mier hinum sijdarsta allra Heilagra er giefin þessi Nad, þad eg kungiorda medal Heidina piooda þan oransakanliga Rijkdoom Christi.

Rom. 10, 15. Hversu frijdir eru Fætur þeirra sem Fridin boda, þeir ed boda hid Gooda.

503. Smackar hver ein Riettlættur ætijd og eins miog þessar Nadar-Giafur?

Nei, sierdeilis i Sorg, Freistingum og Astrijdum: Þar fyrir skal ein trwadur Madur leitast vid med Framfor i Trwni, ad tileinka sier þær med stærstu Umhyggiu, vardveita þær med Otta og Fagnadi, og fa þar af Lyst og Kraft, ad laata sier fara (vel) fram i þeirri dagligu Endurnijan, edur Helgan, sem filgist med Riettlætinguni.

Eph. 1 16, 17. 18. 19. Eg læt eigi af Packir ad giora fyrir ydur, og ad minast ydar i mijnum Bænum: Þad Gud vors Drottins JEsu Christi Dijrdarinar Fadir, giefi ydur Vijsdoomsins og Opinberingar Anda, til hans eigin Vidurkieningar; Og upplijsi Augu ydvars Skilnings, þad þier meigid vita, hvilijk ad sie su Von, sem þier erud tilkalladir, og hver þar sie Rijkdoomur hans Dijrdarfullrar Arfleifdar, til hans Heilagra; Og hver þar

sie

sie hin yfirgnæfanliga Stærd hañs Kraftar, vid oss, vier sem trwum eftir Verkan hañs volldugu Stirkleiks. 2. Cor. 4, 3. 4.

504. Hvad er eigiñliga Endurnijungiñ?

Hun er idugliga ad afklæda sig þeim gamla Mañi, edur læta af Syndunum, og iklædast aftur þeim nija Mañi, edur læta sier dagliga framfara i því Gooda, so sem i Upplijsing og Þeckingu Guds, i Trw, Von, Kiærleika, Audmykt, Hoogværi, Polinmædi, Afneitan sialfs sijns, Lysting til Bænræknis og Guds Orda, Krafti til ad standa a mooti Syndiñi, og kieppast eftir Helguniñi, (og so frañveigis.)

Eph. 4, 22. So afleggid i fra ydur eftir fyrri Breitni hiñ gamla Mañiñ, sem sig fordiarfar i Gyrndum Villudoomsins. Eñ endurnijed ydur i Anda ydvars Hugskots, og klædist þeim nija Mañi sem eftir Gudi er skapadur i sañarligu Riettlæti og Heilagleika.

505 Þvi kallast þessi Endurnijan daglig?

Þvi hun er eigi strax fullkomiñ eins og Riettlætingiñ, helldur eigum vier med dagligri Astundan ad efla hana alla vora Lijfdaga, og þa þeckist Guds Mind, Siñi og Art, meir og meir hia hañs endurfæddu Bornum.

Phil. 3, 12. Ecki þad eg hafi þad þegar hondlad, edur sie þegar fullkomiñ, eg skunda þar eftir, hvert ad eg gieti eiñig hondlad, eftir þvi ad eg em af Christo hondladur.

506. Hver er ja sijdasti Velgiorningur Heilags Anda vid Mañiñ?

Pad er Vidhalldid, þvi þa hañ hefur helgad oss med Endurfædinguñi, Riettlætinguñi, og Endurnijaniñi, þa vidhelldur hañ oss og so i allskonar Freistingum, i sañri Trw, allt til Enda, ef vier eigi fellum fra moetvilltugliga.

Phil. 1, 6. Sa sem i ydur hefur upphyriad hid gooda Verkid, hañ mun þad og eiñig fullkomna allt til þess Dags JEsu Christi. 1. Pet. 1, 5. Cap. 5, 10.

507. Hvernig vidhelldur Heilagur Andi þeim trwudu?

Med þvi hañ iñvortis sañfærir, ednr aavijtar, Frædir, leidir, og huggar þeirra Hiortu.

508. Hvad er Heilags Anda Sañfæringar ednr Avijtunar Embætti?

Ad hañ giorir Samvitzkuna vidkvæma, so ad hun kañast med særu i Tilsiñingu, jafnvel vid hinar minstu Syndir, hvar af ad kiemur su sæta Hiartans Audmijkt.

Joh. 16, 8. Þa Talsmadurin kiemur, mun hañ straffa Heimin fyrir Synd, og fyrir Riettlæti, og fyrir Doom.

509. Hvad er Uppfrædingar Embætti Heilags Anda?

Ad hañ med Guds Ordi, æ meir og meir opnar og upplijsir Mañsins Skilning, og stadfestir Sañleikan i Hiartanu aa moti ollum Villudoomi.

1. Joh. 2, 20. 27. Þier hafid Smurningina af þeim sem Heilagur er, og þeckid allt: tc.

510.

510. Hvad er Leidrietingar Embætti Heil. Anda?

Ad hañ med siñi heimugligri Uñvondun og Vidvorunum helldur Mañi fra thi ad syndga, eñ uppvarar, tilladar, og upphvetur hañ til þess Gooda.

Rom. 8, 14. Þeir sem Guds Andi leidir, þeir eru Guds Børn.

Gal. 5, 16. Gangid i Andanum, þa munud þier ecki fullkomna Holldsins Gyrndir.

511. Hvad er Huggunar Embætti Heil. Anda?

Ad hañ, sierdeilis ad Freystingar Tijmanum, og ad Neydariñar Tijma, miñir eiñ sañ-Christiñ ad Guds Naadarrijka Hiarstod, giefur honum ad smacka Evangelii Huggunar Kraft, og vidheldur honum so i Poliñmædiñi med lifandi Von.

Rom. 15, 13. Gud Vonariñar fylli ydur med ollum Fagnadi og Fridi i Trwñi: So ad þier hafid gnogligа Von fyrir Kraft Heilags Anda.

Rom. 8, 16. Sa sami Andi ber Vitnisburd med vorum Anda, þad vier erum Guds Børn.

512. Þegar Guds Andi nu so helgar Meñina, og vidheldur þeim, hvad kallast og eru þeir þa?

Heilagir, edur heilagar Mañeskiur.

Eph. 1, 1. Þeim Heilogum sem eru til Epheso, og Trwndum i Christo JEsu.

Psalm. 86, 2. Vardveit þu Sal mijna, þviad eg em þiñ Heilagur.

513. Hvar er þessa Heilaga ad siña?

I þeirri Heilogu, Almeñiligu, Christiligu Kyrkiu.

514. Hvad skilst hier fyrir Kyrkiu?

Ecki eitt Hws sem er bigdt af Trie og Steinum, helldur er su Kyrkia eitt Samneyti, Samband og Sameining Heilagra Maña i Andanum.

515. Eru soddañ Kyrkiur edur Samneyti morg til?

Ecki utañ ein, sem er Almeñilig, pad er eigi bundiñ vid nockurt vijst Plœats, helldur er hun utdreifd um alla Veroldina, hvar hun er nu strijd andi, eñ skal i Himninum Sigri hroosa.

516. Pvi kallast Kyrkiañ Christilig?

Pvi hun vidurkieñir Christi Lærdoom, og hefur Christum siœlsañ fyrir sitt Hofud og Herra alleina.

517. Er pad pa œtijd soñ Christilig Kyrkia, sem vidurkieñir Christi Nafn, og kieñir sig vid hañ?

Nei, ecki utañ hun kieñi par med Christi Ord ofalsad, og brwki pau heilogu Sacramenta eftir hañs Jñsetningu, og er petta Kyrkiuñar Kieñi-Teikn.

Joh. 8, 31. 32. Ef pier blijfid vid mijna Rœdu, pa erud pier mijnir sañir Lœrisveinar.

518. Verda peir pa allir Saalu-hoolpnir sem lifa og deya i peirri soñu Kyrkiu?

Nei, ecki allir Limir peirrar sijniligu Kyrkiu, helldur alleina peirrar osijniligu, verda Saluhoolpnir.

Matth, 22, 14. Margir eru kalladir, eñ fair utvalldir.

519.

519. Eg meinti ad ecki væri nema einasta ein Kyrkia, hver er þa Mismunur millum þeirrar sijnilegu og osijnilegu?

Hun er eigi utañ ein, eñ i þeim utvortis og sijnilega Hoop eru tveñslags adskilianligir Limir, sem eru Hræsnararnir, og þeir sañ-Christnu.

520. Hverier eru Hræsnarar, og alleina utvortis Limir?

Þeir sem af einberri Medkieñing hroopa: Herra! Herra! Eñ giora ecki Vilia Fodursins sem a Himnum er. Matth. 7, 21.

521. Hverier eru sañ-Christnir og riettiligir Kyrkiuñar Limir?

Þeir sem i Trwñi giora Guds Vilia, so þeir halida sier vid Drottiñ, og eru eiñ Andi med honum. 1. Cor. 6, 17.

Rom. 8, 9. Hver hañ hefur eigi Christi Anda, sa er eigi hañs.

522. Kañ Madur ætijd ad þeckia þessa hina sijdari fra þeim firri?

Drottiñ þeckir ætijd sijna, eñ fyrir Mañaña Augum er sa Mismunur ecki ætijd opinber, þar fyrir kallast Kyrkiañ osynilig, af þvi heñar Limir eru huldir midt i þeim stoora utvortis Hoop Hræsnaraña.

523. Meiga þeir sañ-Christnu hafa Samfielag med Hræsnurunum?

Ecki i þeirra Vondsku, þvi Liosid hefur eigi

Samfielag vid Myrkrid, ellegar Christur vid Belial, eñ i Kauphondlan, Erfidi, og añarri soddañ naudsynligri Umgeingni gieta þeir ecki komist hiaa þvi, þvi añars yrdu þeir ad rijma Heimiñ. 1. Cor. 5. 10.

524. Hafa þa þeir sañ-Christnu nockurt naakvæmt Samfielag sijn aa milli Jñbyrdis?

Jaa vissuliga, þvi þar þeir allir eru Limir aa einum Lijkama, Greinir aa einu Trie og Born, fædd af eins Fodur Sædi, þa hafa þeir broodurligt Samfielag og Hlutdeild i Sorg og Gledi, i andligum Gaafum og Velgiorningum, i Bænum og Fyrirbeidslum so vel sem i Trwñi, og Von þeirrar eylyfu Arfleifdar.

Eph. 4, 3. 6. Verid kostgiæfnir ad hallda Eindrægni i Andanum fyrir Band Fridarins. Eiñ Lijkami og eiñ Andi, so sem þier erud kalladir uppaa eina Von ydrar Kallanar. Eiñ DRottiñ, ein Trw, ein Skijrn, eiñ Gud og Fadir allra, saa sem ad er yfir ollum, fyrir alla, og i ydur ollum.

525. Gietur Guds Kyrkia geingid til Gruña?

Su osyniliga og almeñiliga Kyrkia forgeingur eigi, helldur verdur heñi halldid vid af heñar Hofdi Christo, aa mooti ollum Helvijtaña Portum; Þo hjdur Gud oftliga, ad Tyrañar og Villumeñ eydileggia hana i vissum Stodum.

526. Hvad er nu eftir i þridiu Greiniñi?

Þreñt, sem er Syndaña Fyrirgiefning, Holldsins Uppriſa, og þad eylijſa Lijf.

527.

527. Hver fyrirgiefur Syndina?

Sialfur Gud, fem Syndiñ er drijgd a moti. Marc. 2, 7. Hver maa Syndirnar fyrirgiefa nema Gud einn.

528. Hvad er ad fyrirgiefa Syndina?

Pad er ad afmaa og burttaka alla Syndariñar Sekt, og Straff, so ad Syndariñ reikneſt so fyrir Riettlaatan, fem alldreigi hefdi hañ fyndgad. 2. Sam. 12, 13. Drottin hefur i burttekid þijna Synd, þu ſkallt ecki deya.

529. Vill Gud vel a þañ hatt fyrirgiefa Syndina?

Jaa, so oft fem nockur uñivendir ſier og trwir Evangelio, vill Gud fyrirgiefa honum Syndina af einſkiærri Naad fyrir Chriſti Verdſkulldan, hver ed med ſinu Bloodi a Krofsinum hefur fullu bætt fyrir allrar Veralldariñar Syndir. Eph. 1, 7. I hverium vier hofum Endurlauſnina fyrir hañs Blood, fem er Syndaña Fyrirgiefning.

530. Hverium Moñum vill Gud fyrirgiefa Syndina?

Ollum ſañ ydrandi og trwudum Saalum, eñ eigi þeim Idrunarlauſu og Vantrwudu. Poſt. G. B. 2, 38. Giorid Yſirboot, og hver ydar einn laati ſkijra ſig i Nafni JEſu Chriſti til Fyrirgiefningar Syndaña. Ezech. 18, 21. 22.

531. Hveriar, edur hvad margar, Syndir vill Gud fyrirgiefa?

Allar Syndir, þær ſtærſtu aſamt med þeim ſmærſtu,

ſmærſtu, þegar Syndariñ ſnijr ſier ad eins af Hiarta.

1. Joh. 1, 7. Ef vier gaungum i Liooſinu lijka ſem hañ ſiaalfur i Liooſinu er, þa høfum vier Samfielag iñbyrdis, og Bloodid JEſu Chriſti hañs Sonar, hreinſar oſs af ollum Syndum.

532. Med hverin Medali veitir Gud Mønnum Fyrirgiefning þeirra Synda?

Med ſijnu heilaga Evangelio, hvert hañ hefur giefid Makt og Mindugleika til ſijnum Pienurum ad predika hier a Jørduñi, i ſiñ Stad, fyrir ollum Jdrandi, til Syndaña Fyrirgiefningar.

Luc. 24, 47. Ad predika laata i ſijnu Nafni Jdran, og Syndaña Fyrirgiefning a medal allra Piooda.

533. Hvert er þad Medal a Mañſins Sijdu fyrir hvert vier odlunſt Syndaña Fyrirgiefning?

Eckert añad eñ Trwiñ, ſem medtekur Chriſtum, og i honum Riettlætid, af einſkiærri Nad.

Gb. Poſt. 13, 38. 39. Ydur bodaſt fyrir þeña Syndaña Fyrirgiefning, og af ollu þvi, af hverin þier gatud eigi riettlaatir vordid i Moyſis Logmaali, eñ hver hañ trwir a þeñan, ſa er riettlaatur.

534. Pienar ecki þeſsi Lærdoomur uñ Fyrirgiefning Syndaña til Andvaraleyſis?

Margir ad ſoñu misbrwka hañ þar til, og falla i þvi ſtærri Fordæming, eñ Guds Børn upporvaſt vid þeſſa Nad, til Elſku fulls Packlæris, og eñ meiri Guds Otta.

Pſal. 130, 4. I hia þier er Fyrirgiefningiñ ſo ad

Meñ

Meñ ottist þig.

535. Hvad er Lijkamans edur Holdsins Uppriſa, ſem Pridia Greiniñ høndlar uñ framűveigis?

Ad fyrir Guds Kraft ſamteingiaſt aftur at þeim efſta Deigi Lijkamir allra þeirra Daudu Sœlunum, ſem þær biuggu i adur, og upprijſa ſumir til eylijfrar Gledi, ſumir til eylijfrar Pijnu. Joh. 5, 28. 29. Su Stund mun koma, at hverri, þad allir þeir ſem i Grofunum eru, ſkulu heyra hañs Rodd. Og þeir munu þa framűgœnga ſem Gott giordu til Lijſſins Uppriſu, eñ þeir ſem illa giordu til Doomſins Uppriſu Joh. 6, 40. Dan. 12, 2.

536. Gietur þetta møguliga ſkied?

Jai, þvi Gudi, ſem af eingu ſkapadi Jordina, og þañ firſta Mañ af Jorduñi, er eingiñ Hlutur omøguligur. Luc. 1, 37.

537. Er naudſynligt ad trwa Uppriſu þeirra Daudu?

Jai, fyrir Sakir Guds Riettlœtis, ſem bœdi launar og ſtraffar; Þvi til þeſs horfir bœdi Von þeirra Trwudu, og Skielfing þeirra Ogudligu.

1. Cor. 15, 13. 14. Ef Uppriſa Framűlidiña er ecki, þa er Chriſtur og ecki uppriſiñ. Eñ ef ad Chriſtur er eigi upp aftur riſiñ, ſo er vor Predikan onijt, þa er og ydar Trw onijt.

538. Munu Lijkamarnir i Uppriſuñi verda eins at ſig komnir og hafa ſomu Eiginligleika ſem nu?

Nei, þeir munu þa hafa andliga Eigiñligleika,

og

og vera odaudligir, oforgeingiligir, og hæfir til ad medtaka añadhvert himneſka Gledi, edur Helvijtis Pijſlir eylijfliaana.

1. Cor. 15, 42. 43. 44. Pad verdur ſaed naatturligur Lijkami, eñ mun upp aftur rijſa andligur Lijkami, etc.

539. Hvert fara ba peir uppriſnu Lijkamir hiedañ med Sælunum?

Eftir pad bwid er ad hallda Doomiñ, fara peir Fordæmdu i eylijfañ Helvijtis Eld, Kvalir og Pijnu, eñ peir Utvolldu i pad himneſka eylijfa og ſæla Lijf. Matth. 25, 34 41. 45.

540. Hvad er pad eylijfa Lijf?

Eitt fullkomid Samkvæmi med Gudi, par peir Sæluhoolpnu, a Sælu og Lijkama fullkomliga frijadir fraa Syndiñi og ollu Illu, nioota oendanligs og ouñrædiligs Fagnadar, Fridar, Gledi, og Vegſemdar, og loſa Gud med ollum Utvolldum Einglum oaflatanliga. Pſal. 17, 15. 1. Cor. 13, 12. 1. Theſſ. 4, 17. Rom. 2, 6. 7.

541. Hvad er ſa eilyfi Daudi?

Ein ſkañarlig og Angiſtar-full Utſkwfun fraa Sælu Guds: Eñ i heñar Stad, gniſtandi og breñandi Ellds og Orma Kvol, a Sælu og Lijkama.

Matth. 25, 41. Farid burt fraa mier pier bolvadir i eylijfañ Eld, pañ ſem fyrirbwiñ er Fiandanum og hañs Arum.

542. Hverier komaſt i Helvijtis eylijfañ Dauda og Pijnu?

Allir

Allir þeir sem lifad hafa i Syndunum af asettu Radi, og eru i ydrunarleysi, Vantrw, Andvaraleysi, og raungri Ætlan um Guds Nad, burtdaudir, og þeir kallast eylijfliga utskwfadir fra Gudi.

543. Hvad er þessi Utskwfan?

Ad sa alvijsi Gud, hefur, ecki af nockru fortakslaust asettu Radi, helldur vegna Mañana eigin moothrooanligrar Þvermoodsku ausyktad, ad utskwfa þeim, og fordæma þa alla, sem hañ hefur fra Eylijfd fyrirsied, ad hañs Nad villdu sijfelldliga ecki sina, helldur forsmaa, og blijfa i þeirra Ydrunarleysi og Vantrw til Enda.

Joh. 3, 18. Hver sa hañ trwir dæmist eigi, en hver hañ trwir eigi, hañ er nu þegar dæmdur, þviad hañ trwdi eigi a Nafn eingietins Guds Sonar.

544. Hverier verda Hlut-takandi i Gledi og Sælu þess eylijfa Lijfs?

Allir þeir sem sañarliga hafa trwad a Christum, lifad Christiliga, og stadid i þvi stodugir allt til Enda; Og þeir kallast Utvaldir.

545. Hvad er Utvalningin?

Ad Gud hefur til ætlad alla þa til eylijfs Lijfs sem hañ hefur fra Eylijfd fyrir-sied ad mundu vilia medtaka þa fraumbodnu Nad, trwa a Christum, og i þeirri Trw stodugir standa til Enda.

Rom. 8, 28. 30. Vier vitum, ad þeim, sem Gud elska, þiena allir Hlutir til hins besta, þeim sem

eftir

eftir Fyrirhyggiuñi kalladir eru. Þviad hveria hañ hefur ædur fyrirhuædda, þa hefur hañ og tilskickad, þad þeir skylldu verda saulijkir hañs Sonar Jmind, so ad hañ siælfur sie Frumgietningur æ medal margra Brædra. Eñ hveria hañ hefur fyrirhuædda, þa hefur hañ og kallad, eñ hveria hañ hefur kallad, þa hefur hañ og Riettlætta giordt, eñ hveria hañ hefur riettlætta, þa hefur hañ og dyrdarliga giordt.

Ut af Drottiñligri Bæn.

546. Hvad æ ad vera jdnglig Ydkun eins trwads Christins Mañs?

Ad hafa siina Umgeingni med Gudi i Bæniñi, og heilogum Hugleidingum, vidlijka sem þa Madur umgeingst og talar einlægliga vid Vin siñ. Psal. 19, 15. Eph. 6, 18.

547. Hvad er þad ad bidia?

Þad er ad tala einfalldliga vid Gud i sijnu Hiarta, utausa siñi Eftirlængan fyrir honum, kvarta fyrir honum uñ sijnar andligar og lijkamligar Naudsyniar, og af iñsta Gruñi Salariñar, fara einhvers æ leit med alvarligri Laungun hiæ honum. 1. Tim. 2, 13.

548. Hver æ so ad bidia?

Allir Meñ, og jafnvel Smaaberniñ. Psal. 8, 3. Þvi þad er eigi alleinasta ein Skylda sem befolud er i Odru Bodordinu, og añars oflijga, ad oss hæfir ad bidia, helldur er þad og eiñig ein Næd og Velgiorningur, ad vier audvirdiligir og ohrein-

ir

ir meigum og þorum ad bidia. Luc. 11, 1. 13. Cap. 18, 1. 8. Pſal. 50, 15.

549. Gieta þa allir Menn bedid a þann hatt ad Gudi sie þægiligt?

Nei, ecki þeir Ydrunarlausu, þvi þeirra Bæn er Gudi Andstygd; Helldur þeir sem aðadhvert eru umvendtir. edur eru a Umvendunar Veigi.

Joh. 9, 31. Vier vitum ad Gud heyrir eigi Synduga, helldur þad, ef nockur er Guds Dijrdkari, og giorir eftir hans Villa, þann heyrir hann.

550. Hvern a Madur ad tilbidia?

Alleina þann þrijeina Gud, sem alleinn kann ad bænheyra, og veita þad sem vier eftir Oskum.

551. Hvar a skal Madur byggia sijna Bæn?

Hann skal byggia hana a Jesu Christi Forbienustu og fyrirboon hia Fodurnum.

Joh. 16, 23. Sannliga, sannliga seigi eg ydur, ef þier bidied Fodurinn nockurs i mijnu Nafni, þa mun hann giefa ydur þad.

552. Hvernig a Madur ad bwa sig til Bænarinnar?

Madur skal i hiartanligri Idran, taka fyrir sig einlægann Asetning, ad vilia þioona Gudi, og mootstrijda alvarliga allri Synd, venda sijnu Hiartalagi fra veralldligum Hlutum, þeinkia um sijna stooru þreingiandi Naudsyn, setia sier fyrir Sioonir, ad sa Heilagi og Myskunsami Gud er þar nalægur, og sawa so, med Andvorpunum, um Bænarinnar Anda, allri sinni

Sálar Eftirlongun til Guds, so sem til eins tijk-
ugligs Uppsprettu Bruns allrar Giædsku.

553. Hvernig er vor Bæn og Samtal vid Gud
ad vera lagud?

Hun er ad skie, i sonarligu Trausti med Gud-
ræckni, Audmiikt, og Kærlijkunarsomu Hiarta-
lagi. Par af verdur eiinig ad koma, Audmiikt
og Lotning i Lijsamans Skicki og Hattalagi,
fyrir peim Allsmegtugasta Gudi, eins og gior-
di Guds eigiñ Sonur, og heilagra Dæmi eru til,

Psal. 95, 6. Komid, lattum oss tilbidia og nid-
urkrimpa og framűfalla, fyrir peim Drottni sem oss
hefur giordt.

1. Tim. 2, 8. So vil eg nu pad, ad Meñirnir bid,
ie i allum Stodum, og upphefie heilagar Hendur
an Reidi, og Orvinglunar.

554. Hvenær og hvar er Madur ad bidia?

Alltijd og allstadar, helldst i Einrømi

Luc. 18, 1. Hañ sagdi eina Eftirlijking til peirra
par uppa, ad Meñ skylldu jafnañ bidia og eigi aflæta.

Matth. 6, 6. Nær pu bidst fyrir, pa gack iñ i pitt
Svefnhws, og lyk Dyrunum aftur, og bid pu
Fodur pin i Leynum, og Fadir pin sa i Leynum
sier, mun pier pad opinberliga aftur giallda.

555. Á Madur ad bidia eftir Bænabookum alleina?

Lijka af Hiartanu og med eigiñ Ordum.

556. Gieta Born og einfallt Fookk vel utskijrt sijna
Hiartans Þanka med sijnum eigiñ Ordum?

Jau, pvi vid Gud kañ Madur ad tala, eins
vel, jen einfalldligar eñ vid Meñina, og par ad

auki

auki giefur hañ sijnum Bornum Nædariñar og Bænariñar Anda, Sach. 12, 10. Rom. 8. 15, 26.

557. Hvad margslags er þa Bæniñ?

Tveñslags: Su Jñvortis, þa Hiartad talar alleina i Andvarpaniñi, Eftirlaunguniñi, og hoogværliga upplyftir sier til Guds, sem kallast jdualig Bæn, er bædi mar og biriar ad hafa i frami midt i Erfidi og Sijslunum. Su Utvortis, þa Muñurin talar af Nægd Hiartans, og ca vissum Tijmum framm ber sijna Þanka og Eftirlanganir med Ordunum.

Psal. 19, 15. Lat hier þockuast Ordrædur mijns Muñs, og Mailid mijns Hiarta fyrir þier: Drottin minn Frelsari og minn Endurlausnari.

Psal. 55, 17. 18. Eg vil aikalla til Guds, og mun Drottin hiaalpa mier: Um Kvolld, Morgna og Middeigi, vil eg kveina og graata, þa mun hañ heyra mijna Rauft.

Eingaſweigiñ; Braud og Vijn helldur ſiñi Naatturu ſamt, og eru þad þau voru fyr, þvi eftir Bleſſanina kallar Paulus þad eñ þa Braud, og Reynſlañ ſijnir, ad þad gietur fwnad, ſo ſem añad ſama ſlags, med þvi Sameiningiñ millum þeſs Jardneſka og Himneſka varir eigi leingur, eñ aa medañ þad er brwkad, þa Sacramentid verdur utdeilt og medtekid, og mai þvi alldeilis einga Hiatrw hafa aa Leifum þeim ſem

af því eftir verda.

715. Eiga þa Ordiñ so ad skiliast, ad þad brotna Braud og uthellta Vijn sie einasta einber Merking og eitt Miñis-Teikn Christi kramda Lijkama, og uthellta Bloods?

Nei, su Meining fullnægir eigi helldur Frelsarans Ordum, sem eigi seigia, þad Merkir, helldur, þad Er miñ Lijkami, etc.

716. Hvernig er þad þa Christi Lijkami og Blood?

Þañ eiginliga Mæta til þess, mæa hverki nie kañ vor Holldlig Skinsemi rañsaka, eñ eftir því sem merkia og ælykta er af Ritningariñar Ordum, seiglum vier: Braud og Vijn i Altarisins Sacramenti er Christi Lijkami og Blood, fyrir eina dulda, eñ þo sanna og algiorva Sameining, Samteinging edur Samnautn.

717. Hvar med stadfestum vier þeña Lærdoom?

Med St. Pals Ordum.

1. Cor. 10, 16. Sæa blessadi Kaleikur hvern vier blessum, er hañ ecki Samteining Christi Bloods? og Braudid hvert vier briootum, er þad eigi Sameining Christi Lijkama?

718. Verdur þa Holld og Blood JEsu Christi ad Fædu fyrir Lijkamañ?

Nei, Altarisins Sacramenti er eigi iñsett til Vidhalldz Lijkamanum, helldur so sem Braud og Vijn hressa og stirkia Lijkamañ i (allra) krostugasta Mata, so er og Christi Lijkami og Blood Fæda Salariñar, (hressa hana og styrkia) til þess andliga Lijssins. 719.

719. Handa hverium er su Heilaga Kvolld-maaltijd iũsett?

Handa sañ Christnum Moñum, sem eru komnir so til Vits og Ara, ad peir gieta proofad sig sialfa, eñ eigi handa Vitlausu Foolki, edur o-mindugum Bornum.

720. Eru peir pa allir sem hafa Vit og Rænu hæfir til ad nivota peirrar Heilogu Kvolld-maaltijdar?

Nei, eftir Christi Jñsetningu hæfir eingum ad eta af pessu Braudi, og drecka af pessum Kaleik, nema hañs eigiñ Lærisveinum, pad er peim sem ydrast, trwa aa hañ, og breita eftir honum, Eñ eingañveigiñ eru peir sem gaanga eins og hañs Kross Ovinir, par til hæfir.

1. Cor. 10, 21. Eigi faid pier i señ druckid Kaleik Drottins og Diosflaña Kaleik, pier gietid og ecki i señ, Hvittakarar ordid Matbords Drottiñs, og Matbords Diofulsins.

721. Hefur pa sa Ogudligi eingañ Riett til Altarisins Sacramentis edur Gagn af pvi?

Nei, olldungis ecki, so leingi sem hañ helldur aafrañ i sinu Idrunarleysi, og tekr eigi Siñaskipti, pvi so sem sa sem er naatturliga daudur, kañ ecki ad eta naatturliga Fædu, so kañ og eigi peim sem er andliga daudur, pad er, Idrunarlaus, (hver ed kallast lifandi daudur) ad verda til Nota su Fæda sem er andlig, pvi pad verdur ad vera andligt Lijf, sem med andligri Fædu skal styrkiast.

722.

722. Eñ kuña ecki þeir Ogudligu ad uppvekiast og verda skaarri af þvi þeir fa Sacramentid so ad þessvegna eigi ad medtaka þa þar til?

Nei, þvi Sacramentum Altarisins er eitt Stadfestingar Sacrament, þar fyrir eiga þeir fyrir Naad Guds ad vera audur bwnir ad umvenda sier af Hiarta, añars verda þeir verri og eigi betri þar af, þvi Naadar Medsliñ gagna eigi fyrir þad, þo þau sieu brwkud, helldur gagna þau fyrir þad, ad þau sieu verduglga brwkud, og eftir þeirra rietri Reglu.

1. Cor. 11, 17. Þier komid eigi til samans med betri Vijsu, helldur med verri Vijsu.

Og 30. v. Fyrir þad eru so margir siwkir og veikir ydar a milli, og þeir margir sem sofnadir eru.

723. Þvi ganga þa margir til Guds Bords sem ecki ottast Gud?

Af þvi þeir añadhvert eigi þeckia Guds Vilia, og þess vegna ætla þeir ad leita sier Huggunar med Sacramentinu, eñ þo raungliga, meinandi ad Madur muni vera forlijktur vid Gud (ef hañ er til Sacramentis) eñ þo hañ sie Guds Ovinur i Hiartanu, og giori einasta Stundar Frid vid hañ utvortis umm nockra Daga, (ætla ad liggia i sijnum firri Syndum þar a eftir þa Færi fellur). Ellegar þeir ganga til Guds Bords af þvi þeir skañast sijn ad forsooma þad, framar eñ adrir þeirra Naabwar giora.

724.

724. Þvi er þeim þa leift ad gaanga til Guds Bords sem ecki ottast Gud?

Af þvi ad Madur gietur eigi sied inn i Hiartad aa þeim, og af Kiærleika væntir, ad þeir muni lagfæraſt, eins og þeir lofa þa muñliga ad verda ſkuli.

725. Nu þoott Madur kuñi ecki uti ad lykia Hræſnara fraa Sacramentinu, þa hæfdi þo, ad þeir ſkylldu utilykiaſt fraa Heilagra Samneyti, ſem añadhvert eru misg fæafroodir, edur liſa i opinberum Holldſins Verkum?

Satt er þad, þegar þeirra Blindni og Fafræði, Yfirdrepſkapur og Idrunarleyſi, er med viſſum Rokum auglioſt ordid, þa eiga þeir og ſo ad utilykiaſt og af-ſnijdaſt, ſem for-rotnadir Limir, ſo ad eigi verdi Helgidoom fyrir Hunda kaſtad.

Matth. 18, 15. 18. Eñ ef Broodir þiñ brijtur vid þig, far þu, og ſtraffa hann aa millum þijn og hañs eins ſamans, ef hann heyrir þig, þa hefur þu þiñ Broodur unnid. Eñ ef hann heyrir þig eigi, þa tak Eiñ edur Tvo til þijn, ſo ad i Munni Tveggia edur Priggia Votta ſtandi øll Maalefni, eñ ef hann heyrir eigi þeim, þa ſeig þad Samkundnuñi. Eñ ef hann heyrir eigi Samkunduñi, þa hallD hann ſem annann Heidingia, og Tollheimtumann. Sannliga ſeigi eg ydur: hvad hellſt þier bindid aa Jordu, ſkal og aa Himnum bundid vera, og hvad hellſt þier leyſid aa Jordu, ſkal leyſt vera aa Himni.

726. Þvi kallaſt þetta Sacramenti Communio, edur Samneyti, og þeir ſem þad medtaka, Communicantes (Sam-uxitendur)?

Þad

Pad merkir bædi þa Sameining, sem þeir Trwudu hafa med Christo, þeirra Hofdi, og so lijka þad broodurliga Kiærleikans Samneyti, er þeir, so sem eins Lijkama Limir, hafa inbyrdis sijn a milli, hvert ed þeir eiñig jaata og stadfesta, med þvi, ad þeir asamt, hver med odrum, brwka Sacramentid, og giefa sig eigi aan Naudsynia (allra sijdst af Drambsemi, edur af þvi, þeir hafi Allit a siñi eigiñ Gudrækni, so sem þeir yrdu ad ydka hana utaf fyrir sig) burt fraa þessu opinbera og sameigiñliga Samneyti Sacramentisins, til þeirrar sierdeilis stakligu Nautnar, ad medtaka Sacramentid sier i Lagi.

Joh. 6, 56. Hver hañ etur mitt Hollð og dreckur mitt Blood, sa blijfur i mier, og eg i honum.

1. Cor. 10, 17. Pad er eitt Braud, so erum vier margir eiñ Lijkami, med þvi, ad vier verdum allir eins Brauds Hluttakarar.

727. Hvad stodar þañig ad hafa etid og druckid?

Pad utvijsa mier þessi Ordiñ: Sem fyrir ydur giefst, og s. fr. Les Frædiñ.

728. Hefur þa sa Trwadi ecki Syndaña Fyrirgiefning, Lijfid og Saalubiaalpina adur eñ hañ gengur til Guds Bords?

Jw, eñ i þvi Hellaga Sacramenti giefst honum þad med obrigdanligum Panti þar uppa, sem er sa Lijkami og Blood, fyrir hvert Syndiñ er forlijkud, eiñig Lijf og Saal-hiaalp utvegud, þvi segir Christur: Pad er mitt Lijkami, sem fyrir

fyrir ydur verdur giefiñ, Item, þad er mitt Blood, sem uthellist fyrir ydur, til Syndaña Fyrirgiefningar.

729. Hvad fyrir Lijf og Sœluhiœlp odlast þeir Trwudu i Sacramentinu?

Eigi alleina Fullvissu uppa þad eyllifa Lijf, helldur og so þa kroftugu Efling þess andliga Lijfs, sem byriadist i þeim i Endurfœdinguñi, til eñ þa stœrri Trwar, Vonar, Kiœrleika, Poliñmœdi, Audmijktar, Bœnar, og allra Avaxta Andans af JEsu Fyllingu.

Joh. 6, 54. 55. 56. Hver hañ etur mitt Hollð og dreckur mitt Blood, sa hefur eilijft Lijf, og eg mun uppvekia hañ a efsta Deigi. Þvi mitt Hollð er sañ Fœda, og mitt Blood er sañur Dryckur. Hver hañ etur mitt Hollð og dreckur mitt Blood, sa blijfur i mier og eg i honum.

730. Hvernig kañ lijkamlig Berging ad framkvœma so mikla Hluti?

Berging Brauds og Vijns framkvœmir þad i aungvañ mœta, og s. fr.

731. Hvad er þad þa sem allra mest œrijdur vid Brwkun þessarar Heilsogu Kvolldmœltijdar?

Þad er, (sem Lutherus riettiliga seigir) Trwin a þessum Ordum: Fyrir ydur, edur ad einsañydrandi Sœl med Eftirlaungunarsomu Trwnadar Trausti, tekur ad sier og tileinkar sier sierdeilis Christi Fullnœgiu Giord.

732. Til hvers skal eiñ Christiñ Madur sierdeilis brwka þessa Kvolldmœltijd, edur i hverri Meining?

Christur

Christur seigir:

Luc. 22, 19. Giorid þetta i minja Miñing.

Og St. Paulus 1. Cor. 11, 26. So oft sem þier bergid af þessu Braudi, og dreckid af þessum Kaleik, skulud þier kuñgiora Dauda Drottins þangad til hañ kiemur.

733. Hvad er þad ad miñast Christi, og kuñgiora hañs Dauda?

Þad er, med Gud-rækiligri Kostgiæfni ad yfirvega alla Christi Pianing, Krossfesting, Dauda, og þad sem þar ad hnijgur; Ad aalijta þad, sem þad einasta fullkomna Forlijkunar Offur fyrir sijnar Syndir, og styrkia sig þar vid krostugliga i Trwñi; Ad yfirvega so i sijnu Hiarta þañ omælañliga JEsu Christi Kiærleika, i því, ad hañ leid þvilijkar Kvalir vegna vor, ad Saaliñ upptendrist med breñandi Kiærleika til hañs aftur aa mooti, iñiliga fagni og gledie sig i sijnum Frelsara, hiartanliga þacki honum, lofi, prijsi og vegsami hañ, somuleidis fyrir hañs Lijkama og Bloods lijfgandi Kraft, og eftir Dæmi þess Krossfesta, audsyni i Verki og Sañleika, ad sier þyki nockud til þessa alls koma af Packlætis fullu Hiarta og Saalu, med nijrri og alvarligri Kostgiæfni til heilags Framferdis, og því siaalfvilugri Poliñmædi i Piaaningunum.

734. Því eigum vier ad þeinkia uñ hañs Danda og hañ ad kuñgiora?

So vier lærum ad trwa, ad eingiñ Skiepna kuñi ad hafa Fullnægiu giordt fyrir vorar Synd-

ir,

ir, utañ alleina Christur sañur Gud og Madur, og ad vier lærum ad skielfast af vorum Syndum, og athugum hvad stoorar þær eru; Og ad vier skulum gledia og hugga oss alleina i honum, og vid hañ og verda so Sælu-hoolpnir fyrir þessa somu Trw.

735. Hvad oft skal Madur gaanga til Drottins Kvølldmaaltijdar?

Uñ þad hefur Christur eingañ vissañ Tijma sett, so þad stendur i Sælafrædi þeirra Trwudu, ad hitta aa þa riettu Tijd, eñ ad þad eigi oft ad skie, er audræddid af þeim Ordum. 1. Cor. 11, 16. So oft sem þier etid af þessu Braudi, etc.

736. Hvad aa ad aaminña og upphvetia hvern Christiñ til ad medtaka oft Kvølldmaaltijdar Sacramentid?

Af Guds Alfu aa Mañ til þess ad knija, bædi Herrans Christi Befalning, og lijka hañs Fyrirheit; Þar nærst af Mañsins Alfu, skal Mañiñ þar til knija hañs eigiñ Neyd sem aa honum liggur, vegna hverrar, soddañ Tilbod, Tilladan og Lofan skiedur.

737. Hvad aa Madur þa ad giora til þa hañ kañ eigi ad fiña til soddañ Neydar, elligar nockurs Hwngurs og Þorsta eftir Sacramentinu?

Honum verdur eckj lagdt betra Raad, eñ hañ stijngi Hendi i siñ eigiñ Barm, og giæti ad, hvert hañ hafi eigi eñ nu Hollð og Blood, og trwi þo Ritninguñi, hvad hun seigir þar uñ. Gal. 5, 17. Rom. 8, 8.

738. Eñ ef eiñ Christiñ Madur væri so sladdur, ad hañ feingi eigi medtekid thad Heilaga Sacramentum so sem a laangri Reisu, edur i Landi nockru medal Heidingia?

Thegar soddañ Naudsyn fellur uppa, kañ Madur ad hafa sama Stirk og Krafi af theirri andligu Nautn og Dryckian (edur Berging) sem skiedur med Muñi Trwariñar. Trv thv, seigir Augustinus, so hefur thv ettid.

739. Er thad tha añars Synd ad hallda sig leingi fra thvi Heilaga Kvølldmaaltijdar Sacramenti, thegar thad kañ ad faast?

Ja, hellst thegar thad skiedur af thvi, ad Naadiñer forsktud, edur af Andvaraleysi, Forsoomun, andligu Drambi, edur thess Hattar, tha er thad ein af theim staerstu Syndum og Ohacklæti vid hañ mikla Hofund og aastwdliga Frelsara, sem so uthrickiliga og goodfwsliga seigir; Giorid thad i minja Miñing.

740. Eñ gilldir thad tha eins, hvernig thad skiedur, thegar thad skiedur oft, og eftir thvi sem Vani er til?

Nei, laangt fra, thvi so sem thad er illa giordt, ad hallda sig thar med Jafnadi fra, so er thad laangtum verra, ad gaanga til thess Overdugur og Otilreiddur, sier til thess staerri Fordæmingar. 1. Cor. 11, 27. 29.

741. Hvad skal Madur tha giora, so ad hañ kuñi ad uñfliya soddañ Ofarir?

Tha Madur hefur first hiartanliga bedid, uñ-

Heilags

Heilags Anda Adstod til so heilags og hæleits Verks, æ Madur, ædur eñ hañ geingur til Altaris, nækvæmliga og alvarliga ad proofa siælfañ sig, eftir St. Pæls Ordum.

1. Cor. 11, 28. Hver Madur proofi sig siælfur, og eti so af þessu Braudi, og drecki so af þessum Kaleik.

742. Hvern er hier sagt ad Madur eigi ad proofa?

Ecki adra Meñ, helldur siælfañ sig.

743. Hvad er þad ad proofa siælfañ sig?

Pad er, ad taka sijna Pænka fræ ollum añarligum Umhugsunum til þess i Kirrd og Spekt, med Bæn og Yfirvegan, ad gænga riett iñ i sitt eigid Hiarta; Nækvæmliga, og so sem fyrir Guds Augliti ad rañsaka hvernig stendst æ fyrir Sælu siñi, og hvernig hættad sie ollu sijnu Lijferni og Christindoomi ollum, iñvortis og utvortis, alleina eftir Guds Ordi, Logmælinu og Evangelio. I þvilijkri Proofan siælfs sijns æ Madur vel ad taka sier vara fyrir þeirri svikfamligu Elsku til siælfs sijns, sem so audvelldliga æ vissrar Astædu, (vissra Raka) hneigist til ad dæma, ad noog lijdi siñi Sælu vel; Par æ moot eiga og bær freistudu og æ ngrudu Sælir, eins vel ad taka sier Vara fyrir ollu oþorfu Angistar Vijli, sem æ aungvum Fæti stendur, þvi Holldid gietur med Vantrw, allt eins komid sijnum Brogdum vid i þvi, sem i Andvaraleysinu. 1. Cor. 3, 18. Psal. 139, 23. 24.

744. Hveria Hluti æ eiñ Madur sierdeilis

ad proofa?

Pessa Priæa Hluti: Angur og Trega fyrir Syndirnar, Trwna æa JEsum Christum, og hañ nija Asetning edur Aform til þes Gooda.

745. Hvernig proofar Madur sitt Angur og Trega?

1.) A Madur ad proofa sig eftir þeim Tiju Guds Bodordum i þeirra andligum Skilningi, hvert hañ þecki riettiliga Uppruna Syndina, æasamt sijnum gieranligum Syndum, og hversu vidbioodsligar þær sieu?

2.) A Madur ad rañsaka allañ siñ Christiñdoom, hvernig hañs Trw sie hættad, hvad hañ hafi giordt og ogiordt læatid, i sijnum Paunkum og Syrndum, til Orda og Verka, i Skylldu siñi vid Gud, sialfañ sig, og Næungañ, i sijnum Bænum og Yfirvegan Guds Orda. Hañ skal rañsaka sijna Arvekni og Kostgiæfni, hversu hañ hefur stadid sig i þvi dagliga Strijdi, vid þa andligu Ovini, einkum vid þær Syndir, sem Næatturañ, Vaniñ, Lijfernislagid edur Hentugleikiñ plaga mest ad locka oss til. Hañ skal rañsaka sijna Framfor, hvert honum fer fram edur aftur i þvi Gooda.

3.) A Madur ad þeinkia um, hvert hañ iñiliga feill sier og skamist sijn, fyrir sijnar Avirdingar, sem hañ finur sig i, æa mooti Gudi sem so er goodur, og veit þær vissulliga eñ fleyri eñ vier verdum varir vid sialfir.

4. Skal

4) Skal Madur hiartanliga proofa, hvert hañ hatar allar Syndir? Er vinglarnliga forlijktur vid sijñ Nnunga? Og hvert hañ hagar sier so ad ollu vid hañ, sem hañ er skylldugur til?

746. Hvernig aa Madur ad proofa sijna Trw?

Madur skal giæta ad, hvert hañ hefur Peckingu aa Gudi, so sem hañ þarf med, og aa hañs Veru, Vilia og Velgiorningum, sierdeilis aa Christo, og Endurlausnijñi fyrir hañ: Item þeirri Heilogu Kvolldmaaltijd? Hvert hañ hafi giefid Heilogum Anda Rwm, so þessi Pecking sie eigi alleina i Heilanum, helldur og lijka lifandi og kroftug i Hiartanu? Hvert Madur er so sañfærdur af Gudi, ad hañ sampickir Guds Ord? Hvert hañ hefur sañarligt Hungur og Laungun eftir Guds Nnad i Christo, og hiartanligt Trwartraust til þeirrar Fullnægiu sem Christur giordi fyrir oss? Hvert hañ leitar þa allrar sijnar Saaluhiaalpar, alleina i JEsu Christi Bloodi? Hvert Trwijñ þañig er eigi daud, folsk, imindud og siaalf-smijdud Trw, helldur soñ og lifandi, sem lijka einig umbreitir Hiartanu?

2.Cor.13,5. Reynid ydur siaalfir, hvert þier erud i Trwñi. Reynid ydur siaalfir, eda þecki þier ecki siaalfa ydur, þad JEsus Christus er i ydur? Nema þad sie, ad þier sieud oduganligir.

747. Eñ ef Madur fær eigi fyrir andligri Sorg og hordum Freistingum fundid og vrdid aaskynia uñ sijna Trw; Hvad skal þa tilgiora?

Þa skal Madur leita eftir Trwariñar obrigdanligum Kieñiteiknum, heñar Avexti og Verkan, sem vitna lijka um heñar Sañleika (ad hun sie þar vissuliga).

748. Hvilijkur er þessi Avoxtur og Verkan?

Sa vissasti og obrigdanligasti Avoxtur Trwariñar er hiartanligt Hatur og Vidbioodur a ollum Syndum, sierdeilis sijnum eigiñ vondum Tilhneigingum, so og Flærdarlaus Elska til Guds og Næungans, allrahellst til Guds Barna.

749. Hvernig a Madur ad proofa siñ nya Asetning?

Madur skal rañsaka.

1.) Hvert hañ hefur alvarligañ, eñ eigi hvikulañ Asetning, ad vilia vardveita Trwna og gooda Samvitsku; Ad vilia, eigi alleina yfirgiefa allar moethrooanligar Syndir, so ad hañ flæki sig eigi vid nockra eina af þeim; Helldur og meir og meir ad hreinsa sig af ollum Syndum sijns Faafrædis, og þeim, sem hañ af Astrijdu og Breiskleika sijnum hefur ratad i? Sierdeilis med storri Vandlæting ad vaka og strijda, moti sijnum Hofud Ovin, þad er Syndum þeim sem hañ veit sig mest i solgiñ, og sier kiærastar; Jæa, hvert hañ vill fordast allt Tækifæri til Syndariñar, illañ Selskap, og allt þad sem hefur illt Alit.

2.) Hvert Madur vill vera eñ þa trwfastari og alvarligri, i Kiærleikanum til Guds og Naungans, i þvi, ad taka Vara a sialfum sier i

siñi

siñi sierdeilis Kallan, og ollu þvi sem hañs Christiñdoomi vidvijkur?

3.) Hvert Madur i Krafti Christi hefur feingid stat fastligañ Asetning ad standa i þessu stodugur allt til Enda, hvad sem hañ ætti þess vegna ad lijda, og þo þad væri Daudiñ.

750. Hvers vegna ær Madur ad proosa sig, og taka sig i Vakt so nækvæmliga, þa hañ brwkar þetta Sacrament?

Þvi þess Misbrwkan med Overdugleika, ordsakar þañ ellijsa Dauda, i stadiñ þes eylijsa Lijfs og Sæluhiælpar.

1. Cor. 11, 29. Þvi ad hver hañ etur og dreckur overdugur, sær etur og dreckur sialfum sier Doom, med þvi hañ giordi ecki Greinarmun ær Drottins Lijkama.

751. Er nockur Madur verdugur til ad medtaka þessa Himnesku Mæltijd?

Ef Verdugleikiñ væri iñifaliñ i fullkomnu Sakleysis Standi, edur skylldi hañ vera af sialfum oss til, þar findist eingiñ i þessu Lijfi verdugur þar til; Eñ nu eru (so sem Guds Ord seigia) þeir verdugir og hæfir þar til, sem med einu riett audmiuku Hiarta, sem laungar þar eftir, og er ydrandi hreinskilid, og Alvorugiefid, leita Nædar alleina fyrir Trwna ær JEsum Christum, ær allrar siñar Forþienustu. Þvi er rædligt Angursfullum og freistudum Saalum, sier til Trwarstyrkingar, ad brwka þetta Sacramentum, þa hid allra fyrsta þegar þær, i andligu Volædi siña sig sialfar þar til allra overdugastar. Matth. 9, 12. 13.

752. Hvernig verdur þa þetta Sacramenti verdugliga medtekid ?

Eg hroosa ad soñu þeirri utvortis Sidsemi, ad þeir sem vilia medtaka þetta Sacramentum, tilreidi sig mz Fostu; Eñ sa hefur loksins allra riettiligast tilreidt sig ad medtaka þetta Sacrament sem trwir þessum Ordum: Sem fyrir ydur giefst; Item, uthelliſt til Syndaña Fyrirgiefningar, hver sem eigi trwir þessum Ordum sa medtekur þetta Sacramentum overdugur, og olldungis otilreiddur, þvi ad þetta Ord: Fyrir ydur, utheimtir þad Hiarta sem Gudi trwir.

753. Er þad endiliga naudsynligt ad tilreida sig med Fostu ?

Ecki hefur Gud skipad þad, og ecki er nockur Skylldbundiñ til þess sem þad kañ eigi ad þola, eñ þad er ein fallig utvortis Sidsemi, og þienar hia Nockrum til þess meiri Gudrækuis Upporvunar.

754. Hver a ad vera Hegdan eins Christins Mañs i og vid Tijdkun þessa H. Sacramentis ?

Madur skal med audmiukri Lotning, setia sier fyrir Siovnir Heilagleika þess mikla Guds, og hañs omælanliga Elsku til Mañkinsins. Hañ a ad vidurkieña siñ Overdugleika, snwa ollu Siñi og Hugferdi fra Jardneskum Hlutum, upplyfta siñi Saalu til Guds, yfirvega Christi Pijnu og Dauda, og þa Fridþæging sem hañ giordi þar med, laata sig langa eftir nakvæmari Sameiningu vid hañ, og medtaka so Sacramentid i Bæn

og

og Trw, med Audmykt, Fognudi og Packargiørd.

755. Hvernig ætti eiñ Christiñ Madur ad haga sier eftir ad hañ hefur medtekid þessa Heilsgu Kvøldmætltijd?

Hañ skal eigi alleina eiñ edur fæa Daga, heldur stjfelldt, iñiliga, og nækvæmliga hallda sier til sijns Sælar Brwdguma, packa honum og vegsama hañ af øllu Megni, fyrir þessa stooru Nåad, sem hañ hefur honum veitta, og taka Vara æ þeirri somu, ad hañ falli eigi ur heñi, upporva sialfañ sig i Trwñi, Voniñi og Kiærleikanum, forakta Verøldina, læta sig æ meir og meir langa eftir sijnum JEsu, kuñglera hañs Dauda, med Ordum og Verkum, deyda og drepa Syndina i Krafti hañs Dauda, kieppast eftir ad læta sier framfara i þvi Goda, þvi framar sem þad hefur verid forsoomad, filgja JEsu fwsliga eftir æ þeim þraungva Veiginum, og audsijna sig so i dagligri Endurnijan allt til Æfiloka, ad vera eiñ lifandi Lim æ JEsu Lijkama. 2. Cor. 5, 15. 1. Pet. 2, 24. Gal. 2, 20.

756. Kañ su Mañeskia ad vera vis uñ', ad deya Sælubialpliga, sem so trwir og lifir i Samfielagi med JEsu?

Jæt, sæt Madur er vissuliga Guds Barn og Erfingi Himnarijkis.

* * * * * *
* * *

STUTT AGRIP

Pess

Heilsusamliga Saũleika,

Framsett i sĩnl eiginligri Rod, er hængir vel samaũ, til liosari Skilnings fyrir Ungdoomiñ og Fœfrooda.

1.

Þar er alleina Eiñ Saũur Gud til, i þremur Personum, Fadir, Sonur, og Heilagur Andi.

2. Þessi Þrij-Eini Gud hefur skapad allaũ Heimiñ, so sem haũ og eiñig helldur honum eñ nu vid Makt, og stiyrir honum.

3. Englarnir voru allir af Gudi skapadir, goodir og heilagir, eñ nockrir fellu fyrir sijna Ohlijdni fraa Gudi, þeir ed kallast Diofflar.

4. Madurĩñ var og eiñig skapadur af Gudi aan Syndar, eftir Guds Mind, til ad þioona honum.

5. Þessi Guds Mind var iñifallñ i naukvœmligri Samlijkingu vid Gud, edur

ur i sönum Vijsdooma, Riettlæti og Heilagleika.

6. I þessu Sakleysisins Standi var Madurin farsæll, af því hann lifdi i Sameiningu med Gudi, sem er sa hærsti Goodi.

7. En vorir Firstu Forelldrar Adam og Eva lietu Diofulin svijkia sig til ad snwast innvortis i Hiartanu fra Gudi, og utvoris til ad eta af þeim forbodna Tres Averti.

8. Þess vegna topudu þau Guds Mind, i Stadin fyrir hveria ad kom Diofulsins Mind, edur Lijking vid þeña Guds Ovin. Skilningurin vard formyrkvadur, Vilien fraasnwtin, og daudur til hins Gooda, en hneigdur og ferdugur til alls Ills.

9. Par med topudu þau og einig þeirra Sælufulla Samfielagskap med Gudi, fiellu undir Guds Reidi, og urdu sek tijmanligs, andligs, og eylijfs Dauda.

10. Nu med því ad Adam og Eva voru sa Stofn af hverium allar Manneskiur hafa sin Uppruna, þa hafa þessir Firstu Forelldrar gietid Born efitir sinni Mi-

nd,

nd, og ásamt med peirri manligu Náttúru iñræt Syndina og Daudañ i alla sijna Eftirkomendur.

11. Pess vegna vantar alla Men af Náttúruñi til, Guds Mind, pañ medskapada Vijsdoom og Heilagleika. Eñ i heñar Stad fædast peir med Uppruna-Syndiñi, andliga blindir, oheilagir, og mootviliugir,

12. Ut af pessari medfæddu Uppruna-Synd flioota allar giöranligar Syndir i Hugreiningum, Gyrndum, Ordum og Verkum.

13. Sokum pessa eru allar Manesktur i pessu vesæla Syndariñar Standi, af Náttúruñi til, undir Guds Reidi, sekar tijmanligs, andligs og eyliifs Straffs.

14. Fræa soddañ eyliifri Eymd gat eingiñ skopud Skiepna frelsad oss.

15. Eñ Gud sem i fræa Eyliifu sa pessa Mankinsins allra stærstu Neyd og Hormung, hefur af oforpientum Kiærleika hræst til iñiligrar Medaumkunar, og ályktad, ad senda ollum Monnum siñ Eingietna Son, sa ed væri peirra End-

ur-

urlausnari.

16. Þessi Endurlausnarin, sem heitir JEsus Christur, var Verolldinni lofadur strax eftir Syndafallid, og hans bitri og bloodugi Daudi var i þvi Gamla Testamentinu teiknadur og fyrirmindadur med Foornfæringum margra Þusund Dijra.

17. Loksins i Tijmans Uppfyllingu var þessi Guds eyltjfur Sonur fyrir Heilags Anda Yfirskyggingu gietin ann Syndar, og fæddur i Heimin af sinni Moodur, hinni heilogu Jomfrw Maria.

18. Þessi vor blessadi Endurlausnari hefur þvi Tvær Naatturur i einni Persoonu, Guddoomliga og Mannddomliga, so hann er bædi Gud og Madur.

19. Eftir sijnu Embætti er hann sæt einasti Medalgaungari millum Guds og Manna, vor æösti Kienimadur, Spamadur og Konungur i Tvofølldu Standi, Nidurlægingarinnar og Upphafningarinnar.

20. Med sijnum heilaga Lifnadi og fullkominni Hlijdni hefur hann i vorn Stad Løgmalid uppfyllt; Med sinni bitru

Þijnu

Pijnu hefur hañ utstadid Straffid fyrir oss, og fundid til Løgmaalsins Bølvunar, bædi a Saal og Lijkama, eiñig tijmañligs og eylijfs Dauda, vegna vorra Synda, sem hønum voru i Guds Doomi tilreiknadar.

21. Med þessari siñi Hlijdni og Pijnu hefur hañ stillt til Fridar Guds Riettlæti, forlijkad oss vid Gud, afrekad oss Frelsi fra Syndiñi og øllu Illu, samt Riett til Sameiningar vid Gud, og alla Sæluhialp sem þar af kiemur, og þañig alldeilis fullkomnad þad stoora Endurlausnarinñar Verk.

22, J Grefiñi var JEsus eigi leingur eftir siñ Dauda, eñ til þess a Pridia Deigi þa Fadirin uppvakti hañ, og hañ sialfur med stoorum Sigurviñingar Krafti yfir sijnum og vorum Ovinum uppreis fra Daudum, auglijsandi, ad hañ hefdi betalad fyrir oss Syndarinñar Gialld allt til sijdarsta Pethings.

23. Eftir Upprisinna er Christur uppsijginñ til Himins, og hefur sett sig hia Guds hægri Hendi, hvar hañ bidur fyrir oss, og sendir oss siñ Heilaga Anda, so

ad

ad hañs utvegada Sæluhiælp komi oſs til gooda.

24. Heilagur Andi kallar alla Meñ alvarliga til þeſſarar Sæluhiælpar, og verkar kroftugliga fyrir Nædar-Medslíñ, (þad er) Ordid og þau Tvo Sacramenta; Sijnir og eiñig viſſañ Hætt og Mæta, hvernig Meñ kuña ad ødlaſt þa afrekudu Sæluhiælp.

25. Þeſsi Hættur kallaſt Sæluhiælpariñar Mæti, og er iñifaliñ i ſañri Uñivendan til Guds.

26. Uñivendunariñar Þartar eru Tveir, Hugar-Angrid og Triviñ.

27. Angur og Tregi eru, ad þeckia riettiliga af Løgmælinu ſijna nætturliga Spilling, og giſrauligar Syndir, fiña ſærliga til þeirra, og hata þær alvarliga.

28. Af ſoddañ Tilfiñingu ſiñar eiginñ Eymdar, fraiñkiemur, fyrir Evangelium Trwariñar Eftirlængan til Guds Nædar i Chriſto.

29. Þeſsi Trw fraiñbijdur ſig ſijnum Lauſnara, og uñfadmar med ſtorri Eftirlængan hañs dijmætu Forþienuſtu og

Verd-

Verdskulldan, sem sín einasta Sæluhiælpar Grundvøll.

30. Sonn Trwar rietta Edli og Eigínligleiki er, ad hun strax augljisir sig verkandi i Kiærleikanum til Guds og Næungans, sem og eínig i dagligri Hiartans Hreinsan.

31. Hver sem þa eckí mootstendur Heilags Anda Nædd, helldur lætur sig leida til þessa Sæluhiælpliga Mæta, hann uppvaknar af sínum andliga Dauda, endurfædist til þess Lífnadar sem er nyr, ødlast aftur þæ tøpudu Guds Mind, nytt Lioos i Skilningnum, nija Gyrnd og Kraft i Vilianum, nytt uínbreitt Sínn og Hiartalag. Hann riettlætist, þad er, iklædist Christi Riettlætti, frijast fræ Sekt og Straffi Syndarinnar, med þvi Herradæmi Syndarinnar er þa eínig burttekid.

32. Hann sameinast med Trwnni æ nij vid Gud, og ødlast Hlutskipti i øllum þeim ometanligu Nædar-Gæfum sem Christur hefur utvegad.

33. Nu er hann vordin sannarligt og Sæluhiælpligt Guds Barn, og hefur

lifandi

lifandi Von mñ Himnarijkis eylijfa Arfleifd.

34. Nu fær hañ Guddoomligt Ljoos og Kraft bædi til ad yfirviña þad Jlla, (so hañ syndgar ecki framar af ædsettu Rædi mooti Samvitſkuñi) og til ad eftirfilgia þvi Gooda af øllu Hiarta, so hañ leitar nu jdugliga Guds Rijkis og hañs Riettlætis, og framűgeingur æ Jorduñt med himneſku Siñi, og so sem fyrir Guds Augliti.

35. Nu hefur hañ saña Huggun i øllum Mootgængi, Sokum þeſs, ad Guds Rijki, sem er Riettlætt, Fridur og Fognudur i Heilsogum Anda, bijr i hañs Hiarta, jafnvel þott þad oft og tijdum sie hulid undir Veikleika og Sturlan.

36. Eñ vilie hañ ecki tapa soddañ sijnu Sælubiælplign Rædar Standi, þa hlijtur hañ fyrir Trvna ad blijfa i Christo, og læta sier stioorna af hañs Anda.

37 Hañ hlijtur med iñiligri Bæn og Hiartans Alvorugiefni kostgiæfiliga ad brvka þau Medøl, med hverium hañs Trv kañ ad haldaſt vid Makt, og styrk-

iast, sem er Guds Heilaga Ord og Sacramenti.

38. Hañ verdur þa riett ad vaka, strijda, og bidia mooti Diøflinum, Heiminum og Syndiñi, hverrar Eftirleifar loda eñ nu vid hañ, eñ skulu uthreinsast æ meir og meir, med dagligri Endurnijan, og þar at mooti Guds Mind meir og meir i hønum uppreisast, so hañ lauti augliooslega siaa i sijnu Lijferni, ad hañ sem endurfædt Guds Barn er næskildur þessum sijnum himneska Fødur, elski allt þad er hañ elskar, eñ hati allt þad sem hañ hatar, og allt þad sem Veroldiñ er full af, nefniliga, Fijsn Augnaña, Gyrnd Holldsins, og drambsamligt Lijferni.

39. Hañ hlijtur dagliga ad afneita sialfum sier, og bera Krossiñ polinmoodliga eftir sijnum Frelsara at þeim praungva Veigi.

40. Hver sem blijfur stødugur at þessum Veigi alla sijna Lijfs-Tijd, hønum er Daudiñ uñ sijdir Abati og fullkomid Frelsi.

41. Þvi hañ unnu at essia Deigi upprijsa,

rijsa, ecki til Fordæmingar, helldur til eylijfs vegsamligs Lijfs, og eiñar oupp-leysanligrar Sameiningar med Gudi.

42. Eñ hver sem ecki vill eftir pessari Hialpræddisins Nidurskipan medtaka og brvka Guds Nad, hañ er i sijnu synduga Nattturuñar Standi, verdur adskiliñ fraa Gudi, og hlijtur ad vænta Hlutskiptis med Diofliunum og hañs Arum i eylijfri Fyrirdæmingu.

Eins Rlett-Trvads Christins Mañs

Morgun Bæn.

Dpu! eylijfi og almættugi Gud myskunsami, elskuligi, himneski Fadir! Eg prijsa pig aa pessari Morgun-Stundu af iñstu Saal og Anda fyrir pad, ad pu i Myrkrum pessarar uñ-lidiñar Nætur hefur verid Sool og Skiø-lldur yfir mier, og snvid allri Hættu og Skada fraa Saalu miñi og Lijkama. Laut mig nu fraañveigis aa pessum Deigi og alla Tijma fiña pijna Fodurliga Bless-an, Hialp og Adstod, aa øllum mijn-

um Vegum, og i øllum mijnum Athøfnum! Frelsa þu mijna aumu Saul fræa Freystingu, Lijkama miñ fræa Siwkdooma, Auga mitt fræa Græti og miñ Foot fræa Hrøsuniñi. Eñ Søkum þess, ad Syndiñ er þad versta, þa veit mier Styrk, O Gud! umfraṁ alla Hluti ad standa heñi æa mooti fyrir Kraft Trwariñar, laat þijna Hond vera yfir mier, þiñ Anda i mier, og þiñ Frid allt i krijngum mig. Laattu mig ecki lifa siælfum mier, helldur i Guds Sonar Trw, so ad eg i øllum mijnum Paunkum, Ordum og Verkum kuñi ad þocknast þier, og meigi i allskonar tilfallandi Neyd siña Athvarf hiæa þier med mijnum Bænum. O þu hiartkiært æastwdligi Fadir! fyrirgiefdu mier af Næad þiñi, fyrir Sakir JEsu Christi, allt hvad eg hefi hingad til giørdt þier æa mooti, og gief mier fraṁveigis Næad til ad betra mitt syndsamligt Lijferni, med sañri Endurnijungu, eftir þiñi Mind, so ad mijns JEsu hoogværa, audmiwka, elskuliga og hreina Lunderni meigi æetijd meir og meir siæast i allri miñi Uṁgeingni.

ni. O Himneſki Fadir! Vidhalltu þíjnum trwada Sofnudi hier a Jørduñi, og lattu hañ fara dagvarandi fyrir Aftur-hvarf þeirra Syndugu. Bleſſa þu Konungiñ og hañs Hws. Veittu Styrk til Eflingar almeñtligum Gagnſemdum, giør Jørdina avaxtarſama, vardveittu oſs frar Land-Plægum, giørdu vel vid mijna Vini og Ættingia, veittu Forſorgun þeim Fatæku, hugſvaladu øllum Angrudum og Sorgbitumm, ſierdeilis þeim ſem liggia fyrir Daudanum, og ad ſtjdurſtu bw mig ſialfañ a ſierhverium Deigi undir Sarluhiælpligañ Afgæng, og Dijrdarfulla Uppriſu. Amen.

Kvølld Bæn.

O Þu himneſki Fadir! ar þeſſari Kvølld-Stundu beigi eg aftur mijn Knie firir þijnu allra heilagaſta Augliti, og med Packlæti endurminniſt þeirrar mikln Nadar og margfølldu Velgiorninga ſem eg ann allrar miñar Forþienuſtu hefi odlaſt af þier ar þeſſum Deigi. O DRottiñ! Hvad er

Nadurin þess, ad þu minnist hans? Og hvad er sierdeilis eg overdugur Syndari, ad þu soleidis dagliga hellir yfir mig þinum Velgiorningum. Eg er sannfærdur nū þad i minnu Hiarta, ad ef þu villdir hondla vid mig eftir minnum Syndum, og betala mier eftir minnum Misgiordum, þa kynni eg ecki annars ad vænta, enn ad utkastast fræa þinu Augliti i þann ytstu Myrkur og eylifa Nootl þeirra Fordæmdu: Jaa, ef þu villdir einasta tilreikna mier Syndir þessa nūlidna Dags, i Paunkum, Ordum og Verkum mooti þier, mier sialfum og minnum Naunga, þa kynni eg ecki ad svara þier einu Ordi til Pusund. Hafi eg i Dag frijast fraa mootvilingum Illgyrnis Syndum og Andvaraleysi, þa tilreikna eg þadein gannveigin minni fordiarfadri Nattura, helldur alleina þinni Naad sem mig tiptar og vardveitir. Af þeirri somu þinni oforskulldadri Glædskunar Uppsprettu hefi eg og so i Dag uppausid otelanliga lijkamliga Velgiorninga, sierdeilis Heilsu, Frid, naudsynligt Upphelldi, og Frelsun fraa morgum Oluckuligum Slisum

sem

sem margañ kañ ad hafa hendt, þeña Dag i Heiminum, og mig hefdi lijka eins gietad fyrir hitt, ef þijn Fodurlig Tilsioon hefdi ecki verid yfir mier, og afstijrt frar mier øllu Vondu. Nu, miñ Gud! eg hefi reynt þijna Trwfesti i Þusundfalldañ Mata, og þvi skallt þu alleina vera framűveigis Athvarf, Biarg og fasta Slot mijns Hiarta, Vardveittu mig nu, O Gud! ar þessari Noottu frar øllum Hasska og Skada bædi til Lijfs og Saalar. Laat mig hvijlast undir Skugga þiña Vængia til Hressingar mijnum Lijkama, og vek mig upp aftur ar Morgun heilañ og braustañ til miñar Þioonustu. O Gud! hvert helldur eg sef edur vaki, jar, hvert eg lifi edur dey, þa laat mig vera þiñ, og hallda mier æfinliga fast vid þig med Eftirlaungan miñar Saalar. Þu ert mier betri eñ allir Hlutir, og nær eg hefi þig ad eins, þa hyrdi eg hverki miñ Himin nie Jord, og þo mitt Lijf og Saal vanmegnist, þa ertu alltijd mitt Hiartans Traust og Hlutskifti æfinliga. Æ Drottiñ! Lattu þvi alldreigi þijna Naud ar Sool undirgaunga yfir mier! Lattu

hana ætijd upplysa mitt mirkva Hiarta, verma mitt Js kallda Hiarta, mykia mitt harda Hiarta, og uppvekia mitt trega Hiarta. O Sætasti JEsu! Lat þu mig Daglætanliga vera þier innlijfadan fyrir eina lifandi Trw, og af þijnum Krossi odlast Kraft til ad þreingia mier i giegnum þann þraungva Veg og þad mioda Port. Nu, min Gud! eg vona ad þig, yfirgiefdu mig ecki, nie helldur nockurn af mijnum ad þessari Noottu. Lat alldreigi þijns Ords Liosastiaka burt flytiast frae oss. Halltu Yfirvalldinu vid Makt, þvi þu hefur þad stadfur tilskickad, so ad vier meigum lifa rooliga undir þvi i þijnum Otta. Afstijr naudarsamliga frae þessu Landi Strijdi, Drepsoott, Hwngri, Dijrtijd, og ollum velforþientum Plægum. Snw þin Blessan til vor alla vora Lijfdaga. Ad sijdurstu lattu oss fae farsælan Dauda, og eftir Daudan eylijfa Roo og Hvijld i Fadmi Abrahams. Amen.

Bæntir fyrir þa sem ganga til Heilags Sacramentis.

Bæn

Bæn mdur Nadur
Skriftaſt.

EG aum ſyndug Mañeſkla, kiem nu i Dag miñ Drottiñ fyrir þitt Naadar Auglit, hladiñ med ſtoorum Syndum, ſem yfirgaunga mitt Hofud. Jeg jaata ad eg hefi ſyndgad i Himiniñ og fyrir þier. Eg er ſaa fraavillti Saudur, Tijndi Peningur og Tapadur Sonur, ſem wtſooad hefi þeirri goodu Arfleyfdiñi. Eg ſkielf og tytra, eg hrædiſt þiñ Doom, eg ottaſt Straff Syndaña ſem er eylijfur Daudi, eg kvijdi fyrir þvi ad deya, eñ eg ſkañaſt mijn þo ad lifa. Hvad ſkal eg tilgiora? Eg flij til þijn DRottiñ miñ og Gud miñ! aadur eñ Doomuriñ yfir mig fellur, þvi þu rekur aungvañ fraa þier er til þijn kiemur: Þu hefur ſett Ydran þeim Syndugu, og hefur ſendt þijna Þienara ad boda øllum Saañydrandi Syndaña Fyrirgiefning, þvi aaforma eg nu med þiñi Naad, ad ſkriftaſt og jaata mijnar Syndir fyrir þijnum Þienara. DRottiñ, Gud miñ, uppvek mitt Hiarta til ſaañrar Ydranar.

Þu aalijtur einasta Hiartans Þanka; Gief mier audmiwkt Hiarta i Jaatningñi, stadfasta Trw i Aheyrslu heilagrar Amiñingar og Aflausnar, adgiætid Hiarta i Eftirtekt og Avertinum fraũveigis. O JEsu! gief ad þessi Dagur sie eiñ Ydrunar Dagur og Kiifernisins Betrunar Dagur, Jea, eiñ heilagur Dagur. Sien nu Syndir mijnar drektar i Hafsins Diwpi þijns Heilaga Bloods, hvorju eg og fullkomliga trwi. So gief eg og fel mig og mitt þetta Aform þier, miñ JEsu! til Saluhiaalpligra Urræda og æskiligustu Endalyktar, i þijnu Nafni og Naadar Trausti, AMEN.

Bæn eftir Aflausnina.

KAckir gieri eg þier miñ Himneskt Hiartans Fadir, fyrir þa Naud er þu mier i Nafni mijns Lausnara JEsu Christi hefur nu a þessari Stundu veitt, þar þu hefur leyst Fiotur miña Synda, og fæugad mijn Synda-Saar, huggad og gladt mitt Hiarta med heilagri Aflausn og Bodan Syndaña Fyrirgief-

irgiefningar, fyrir Munn þijns Pienara. Drottinn minn! gief þu mier þig hier eftir ad prijsa, hiartanliga elska, og þier þioona. Send mier Naad þijns Heilaga Anda, ad eg hallda kunni þad eg lofadi i minni Jaatningu, mig vid Syndunum framveigis ad siaa, og i Endurnijung Lijfdagana ad gaanga, so eg ecki þvervdarsamliga Syndirnar drygi, og þo eg syndgi (þvi þar er eingin sem ei syndgi) þa gief mier af Syndunum upp ad rijsa, og ad eg minnist, ad Ovidurkvæmiligt sie þad, ad afklædast þeim fagra Niettlætisins Skrvda JEsu Niettlætis, og iklædast aftur sjvirdiligum Syndana Flijkum. Drottinn minn! stiorna mier i Dag og alla Tijma til alls Goods, og med þessum Paauka vil eg nu i Dag þiggia og medtaka Drottins Kvolldmaaltijd. Gud minn uppfylli mijna Naudsyn eftir sijnum Dijrdar Rijkdoomi i Christo JEsu, Amen.

Bæn fyrir Sacramentis

Medtekning.

HErra JEsu Christe! Brunnur allrar Naadar, þu Hugsvolun þeirra þyrstu og Læknarinn þeirra

ſiwku! hiartanlig var þijn Elſka, þa þu uthelltir þijnu heilaga Bloodi til Foornar og Forlijkunar fyrir vorar Syndir, og i Miñing piñar Þijnu tiñsettir þad heilaga Sacramentum þijns Lijkama og Bloods, ſem er Jñſigli, og ſo ſem þijn eigiñ Handſkrift þijns Naadar Saattmaala! þetta er ſu lifandi O-daudligleikans Fæda Saalariñar, ſu dijrmæta Kræſingiñ ollum Hlutum ſætari, þad feita Gieſtaboddid, hier til laangar nu mijna Saal og hvn grar, eñ (Gud naadi!) eg em breiſkur, eg em Overdugur, eg giet ei grautid mijnar Syndir, ſem eg villdi og ætti, Trviñ er veik og Aſtundaniñ til þeſs Gooda dopur, Hiartad er fullt med ſaurugar Hugreñingar, þetta jaata eg, O DRottiñ! laat nu þiñ Kraft vera i mier breiſkum maattugañ. Laat þiñ Heilaga Anda upplijſa Hiarta mitt, og gisra þad breñandi, ſo eg medtaki nu þitt Sacramentum ecki Overdugliga mier til Dooms Afellis, helldur verdugliga mier til Saaluhiaalpar. Gior mig eiñ ſañañ Johañem, ſem med Trviñi nu hvijlt aa þijnn Brioſti, og þadañ vtſiwgi Sætleika piñar Huggunar, Vijs-

doums

dooms og Stirkleika, ad eg verdi þín eigin Limur. Sie þitt Heilaga Sacramentum HErra JEsu! mier eitt Merki og Teikn allrar Blessunar og Farsælldar, laut mig af þessu Merki rauda og dæma alla mijna Velferd. Fel eg mig nu mín HErra JEsu! i blessudum Biargskorum þíña Blood-Unda. Opna mier þær Blood-fögru Naudar-Dyr þíñar Sijdu, einkum i Andlaati mijnu, so eg mætti ingaanga mín Port þeirrar himnesku Jerusalem. Hier mín bæuheyr mig mín HErra JEsu! fyrir þijns heilaga Nafns Sakir, Amn.

Bæn eptir medtekid Sacramentum.

LOf og Heidur sie þier, mín liwsti Lausnari JEsu Christe! fyrir þad, ad þu hefur nu lattid mig verda Hluttakara þijns sæta Giestabods, i hvorju þu saddir mijna Sal, og endurnærdir mitt Hiarta: Nu er eg vordin þitt Barn, Broodir og Kærisveirn, giori mier nu eingin hier eftir Onæd, hverki Daudi, Diofull nie Helvijti, ei Hollð edur Heimur, þvi eg ber Minning Blood-benia mijns Je-

su

sumum Hiarta. I pessum Styrkleika vil eg gaunga giegnum alla Hormung, og siaulfañ Daudañ, til Fiallsins Drottins, til Borgaraskaps peirra Heilogu. DRottiñ JEsu, gief mier hier eftir nu so ad lifa, ad ea mier siaust pad fagra Brwdar Skart pijns Riettlætis, og pær fagurbloomgudu Roosir og Lilur goodra Dygda. Laat mig Syndirnar framveigis fordast, sem Høggorm. Geim mig frea øllu Illu, og helga mig i pijnum Sañleika, pijn Ord eru Sañleikur, so eg uñ sijdir mætti vera sem pu ert, med Fodurnum og pier, og med Heilogum Anda, svo sem pid erud eitt, og petta allt sie nu og verí Amen, I JEsu Nafni, Amen. I Nafni Fodur og Sonar, og Heilags Anda, AMEN.

Bæn um goodañ Afgang

ALmaattugi eylifsi myskunsami Gud og Fadir vors Drottiñs JEsu Christi, pu sem Mañsins Lijf og Saalu myndadir, og lætur Mañiñ aftur i burtu deya, og til siñar Moodur Jard-

ariñar

arinar aftur hverfa. Eg anm ſyndug Manneſkia veit, ad eg aa i burtu ad deya, og Veg alls Hollds gaanga, vid Vini og Verølld ſkilta, cū Tijmi og Maati mijns Dauda er mier buliū, par fyrir bid eg: Upplijs mig, DRottiū, med þijnum Heilaga Anda, ad eg knūi mig christiliga hier til ad biva, svo eg mætti deya riettlaatra Manna Dauda: Upplijs mijn Augu, so eg ſofni ecki i Daudanum. Gief mier hæga og ſaluga Dauda Stund. Gief ad mijn Utfor verdi farſæl, fyrir Dauda mijns DRottins JEſu. Endurnær mijna Saal med Holldi og Bloodi mijns DRottins JEſu. O þu Heilagi Andi! mijk og ſefa alla Ogn og Ofbod Daudans, med þijnum Sætleika, og Minning Christi Bloods-Sveita. DRottiū, eg bijd þijns Hiaalpræds ſem Jacob. Laat mig i Fridi fara, ſem Simeonem. Opna mier Himniū, ſem Stephano. Laat mig odlaſt Riettlætisins Coronu, ſem Paulum. O JEſu! opna þær Bloodfogru Dyr piīar Sijdu miīi Sauln i Andlaatinu. Gief mier Fyrirheit uīn Paradijs, ſem Ræningianum. Laat þijna Eingla

flytia

flytia mijna Sæl i Fadm Abrahams, sem Lazari. Laut mitt Sijdarsta Ord verda sem pitt æ Krossinum, so eg eilijfliga Sælubhoolpiñ verda mætti, AMEN.



NB. Hvad misprentast hefur, so Yfirsioon finnist i pessu Kveri, pad æ ad leidrettast eftir Kiærleikans Bodordi og riettum Skilningi æ peim sæna Christindoomi.